

LÖG BANDALAGS ÍSLENSKRA LEIKFÉLAGA

1. grein

Samtökin nefnast Bandalag íslenskra leikfélaga. Heimili Bandalagsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. grein

Bandalagið er landsamtök áhugaleikfélaga á Íslandi og kemur fram fyrir hönd leikfélaganna gagnvart íslenskum og erlendum yfirvöldum. Það gætir hagsmuna áhugaleiklistarinnar innan samtaka leikhúsfólks, t.d. í Leiklistarsambandi Íslands og fer með aðild Íslands að Norræna áhugaleikhúsráðinu, NAR, Norður-evrópska áhugaleikhúsráðinu, NEATA, og Þjóðlega áhugaleikhúsráðinu, IATA.

3. grein

Markmið Bandalagsins er að vinna að þróun og eflingu leiklistar á Íslandi.

Markmiði þessu hyggst það ná með því:

1. Að stuðla að uppbyggingu leiklistarstarfs í öllum byggðarlögum landsins.
2. Að gera áhugafólki kleift að afla sér menntunar í listinni og skapa því aðstöðu til að þroskast í menningarlegu og faglegu tilliti.
3. Að annast innkaup og sölu á varningi sem leiklistarstarfsemin þarfnast.
4. Að útvega leikverk og sjá um fjölrítun þeirra eða útgáfu.
5. Að útvega leikstjóra/leiðbeinendur sé þess óskað.
6. Að miðla upplýsingum og fræðslu á skilvirkan hátt.
7. Að kynna starfsemi íslenskra áhugaleikfélaga innan lands sem utan.
8. Að örva leikfélög til að leita nýrra leiða í leiklistarstarfi.

Til að auðvelda sér að ná markmiðum sínum rekur Bandalagið þjónustumiðstöð.

4. grein

Öll félög áhugamanna, sem hafa leiklist á stefnuskrá sinni og verja öllum sínum tekjum til viðhalds og uppbyggingar leiklistinni sjálfri og ekki eru tengd neinni stofnun, geta gerst aðilar að Bandalaginu. Heimilt er þó að veita leikfélögum aldraðra og öryrkja aðild, þó þau séu tengd stofnun, enda uppfylli þau önnur skilyrði um inngöngu. Upptökubeiðni þarf að vera skrifleg og skal fylgja afrit af lögum félagsins og upplýsingar um hverjir skipa stjórn þess. Hún skal borin undir atkvæði á stjórnarfundum og síðan borin upp til staðfestingar á næsta aðalfundi Bandalagsins. Gæta þarf þess að félagslög brjóti ekki í bága við lög Bandalagsins. Aðildarfélag greiða árgjöld til Bandalagsins samkvæmt ákvörðun aðalfundar þess. Gjaldtagi árgjalda er 1. september.

5. grein

Bandalagið aflar sér tekna með:

1. Opinberum styrkjum.
2. Árgjöldum félaganna.
3. Öðrum þeim leiðum sem stjórn og framkvæmdastjóri sameiginlega telja færar.

6. grein

a) Aðalfundur er æðsta vald Bandalagsins og skal hann haldinn eigi síðar en í september ár hvert. Stjórn Bandalagsins ákveður þingstað hverju sinni. Aðalfundur skal boðaður með minnst mánaðar fyrirvara. Í fundarboði skal tilgreina þingstað, fundartíma og dagskrá fundarins. Fundarboði skal fylgja fundargerð síðasta aðalfundar og reikningar Bandalagsins, svo og framkomnar lagabreytingartillögur. Tillögur til lagabreytinga skulu sendar þjónustumiðstöð Bandalagsins eigi síðar en 6 vikum fyrir aðalfund. Hvert aðildarfélag hefur eitt atkvæði á aðalfundi og skal einn fulltrúi fara með atkvæðið. Heimilt er að tilnefna annan fulltrúa til vara. Allir fundarmenn hafa málfrelsi og tillögurétt. Kjörbréf til handa fulltrúanum og varamanni hans

skulu staðfest af formanni eða ritara viðkomandi félags og afhent starfsfólki þjónustumiðstöðvar fyrir fundinn. Aðalmenn í stjórn Bandalagsins hafa eitt atkvæði hver.

b) Verkefni aðalfundar skulu vera:

1. Fundarsetning. Kosning 2ja fundarstjóra og 2ja fundarritara, sem taka þegar til starfa. Lögmæti fundarins kannað.
2. Kjörnefnd afgreiðir kjörbréf og afhendir atkvæðaspjöld, skýrir stöðu mála varðandi stjórnarkjör og auglýsir eftir tillögum.
3. Menningarstefna Bandalagsins lesin og rædd.
4. Inntaka nýrra félaga, félög tekin af félagaskrá.
5. Fundargerð síðasta aðalfundar afgreidd.
6. Skýrsla stjórnar.
7. Framkvæmdastjóri leggur fram endurskoðaða reikninga síðasta árs og skýrir þá.
8. Umræður um skýrslu stjórnar og afgreiðsla reikninga.
9. Skýrslur nefnda og umræður um þær.
10. Drög að starfsáætlun næsta árs kynnt og skipað í starfshópa.
11. Kjörnefnd tilkynnir niðurstöður sínar og mælir með a.m.k. 1 aðila í hvert sæti sem kjósa skal í.
12. Lagabreytingar.
13. Tillögur lagðar fyrir fundinn.
14. Starfsáætlun afgreidd.
15. Stjórnarkjör.
16. a. Kosning 3ja manna kjörnefndar og eins varamanns til eins árs.
b. Kosning 2ja félagslegra endurskoðenda og eins til vara til eins árs.
17. Ákveðið árgjald til Bandalagsins.
18. Önnur mál
19. Næsti aðalfundur, hugmyndir reifaðar um stað og stund.

c) Tillögur sem kjörnefnd getur ekki gert að sínum og tillögur sem berast eftir að kjörnefnd lýkur störfum skulu studdar af a.m.k. 3 atkvæðisbærum fulltrúum. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður útslitum mála á aðalfundi, þar sem annað er ekki tekið fram. Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á aðalfundi. Til lagabreytinga og brottvikningar úr Bandalaginu þarf 2/3 greiddra atkvæða á aðalfundi.

d) Kveða skal til aukafundar ef tíu eða fleiri félög óska þess. Framkvæmdastjóri skal þá boða strax til aukafundar og skal hann haldinn innan eins mánaðar frá boðun. Aðalfundur og aukafundur eru löglegir og ályktunarhæfir ef löglega er til þeirra boðað.

7. grein

Stjórn Bandalagsins fer með æðsta vald Bandalagsins milli aðalfunda, hana skipi 5 menn, formaður, varaformaður, ritari og tveir meðstjórnendur. Þeir skulu kosnir á aðalfundi til tveggja ára í senn, þannig að annað árið er kosinn formaður og einn stjórnarmanna, en næsta ár þrír stjórnarmenn. Formaður er kosinn sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Á sama hátt skal kjósa ýmist tvo eða þrjá í fimm manna varastjórn, sem kveða skal til funda í forföllum aðalmanna. Kosningar skulu bundnar við uppástungur. Formaður boðar til stjórnarfunda. Halda skal minnst fjóra stjórnarfundi á ári og skulu fundargerðir sendar út til félaganna. Fundur er lögmætur ef minnst þrír aðalmenn mæta.

8. grein

Stjórn ræður framkvæmdastjóra fyrir Bandalagið, svo og annað starfsfólk.

Framkvæmdastjóri fer með framkvæmdavald í umboði stjórnar. Hann skal annast daglegan rekstur Bandalagsins og vinna að öðru leyti í samræmi við þessi lög. Um önnur nauðsynleg atriði skal fjalla í ráðningarsamningi.

Framkvæmdastjóri er ábyrgur gagnvart stjórn Bandalagsins og aðalfundi þess. Hann, sem og annað fastráðið starfsfólk Bandalagsins, skal hafa málfrelsi og tillögurétt á aðalfundi. Starfsfólk Bandalagsins skal ekki fara með atkvæði einstakra félaga á aðalfundi.

9. grein

Starfsfólki Bandalagsins er heimilt að greiða fyrir einstaklingum, skólum og félögum utan Bandalagsins, enda sé því kunnugt að það brjóti ekki í bága við hagsmuni Bandalagsfélaganna. Fyrir slíka aðstoð áskilur Bandalagið sér þóknun.

10. grein

Kjörnefnd starfar milli aðalfunda. Skal hún kanna hug aðildarfélaganna til stjórnarkjörs og taka við tillögum.

11. grein

Reikningsár Bandalagsins er almanaksárið. Reikningar þess skulu settir upp af löggiltum endurskoðanda og skulu þeir vera tilbúnir fyrir endurskoðendur Bandalagsins eigi síðar en fjórum vikum fyrir aðalfund.

12. grein

Sérhvert aðildarfélag skal senda Bandalaginu ítarlega skýrslu um starfsemi sína, fyrir 10. júní ár hvert, á þar til gerðum eyðublöðum frá þjónustumiðstöðinni. Þar skal getið verkefna á leikárinu, fjölda leiksýninga, sýningarstaða og annars þess sem máli kann að skipta. Stjórn Bandalagsins er heimilt að setja nánari reglur um hvaða gögn þurfa að fylgja skýrslu.

13. grein

Aðildarfélögum er heimilt að stofna með sér sérsambönd og skulu þau vinna að sameiginlegum hagsmunamálum eftir því sem aðstæður leyfa. Lög og reglur skulu vera í samræmi við lög Bandalagsins.

14. grein

Sé árgjald aðildarfélags eigi greitt fyrir aðalfund missir félagið atkvæðisrétt sinn á fundinum. Vanskil á greiðslu árgjalds í tvö ár veitir stjórn Bandalagsins heimild til að víkja viðkomandi félagi úr Bandalaginu með samþykki aðalfundar. Aðalfundur getur vikið félagi úr Bandalaginu hafi það gerst brotlegt við lög eða samþykktir þess.

15. grein

Heimilt er að stofnsetja sjóði innan Bandalagsins, enda séu þeir ætlaðir til framgangs málefnum þess. Stjórnin setur reglur varðandi lán eða leigu Bandalagsins á eignum þess eða sameiginlegri eign Bandalagsfélaganna í vörslu Bandalagsins.

16. grein

Bandalagsfélög sem ferðast með leikrit til sýninga, skulu hafa samráð við leikfélög á fyrirhuguðum sýningarstöðum, svo sýningar þeirra skaði ekki viðkomandi félög. Óheimilt er að koma með sama verk til sýningar og verið er að æfa eða sýna á staðnum. Í sýningarferðum skulu Bandalagsfélögin aðstoða hvert annað eftir bestu getu.

17. grein

Hvert aðildarfélag hefur rétt til að skjóta öllum ágreiningsmálum sem rísa kunna í félaginu eða milli einstakra aðildarfélaga, til stjórnar Bandalagsins.

18. grein

Bandalagi íslenskra leikfélaga verður ekki slitið nema 4/5 atkvæðisbærra fulltrúa á aðalfundi séu því samþykkir. Stjórn Bandalagsins skal þó sitja áfram og boða til annars fundar 4–6 mánuðum síðar. Sé þá aftur samþykkt með 4/5 hluta atkvæða að slíta Bandalaginu skulu það heita lögleg félagsslit. Sé Bandalaginu þannig löglega slitið skulu allar eignir þess afhentar Menntamálaráðuneytinu til varðveislu og ávöxtunar.

19. grein

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi fallin eldri lög Bandalags íslenskra leikfélaga.

Samþykkt á aðalfundi Bandalags íslenskra leikfélaga, sem haldinn var að Efstalandi í Ölfusshreppi 2. júní 1990 að meðtöldum breytingum frá aðalfundum 1995, 1997 og 2003.

MENNINGARSTEFNA BANDALAGS ÍSLENSKRA LEIKFÉLAGA

Blómleg starfsemi og fjöldi leikfélaga hér á landi vitnar um að leiklistin er almennings-eign. Stór hópur fólks, óháð aldri, kyni og þjóðfélagsstöðu, nýtir frítíma sinn í skapandi starf og vinnur saman að leiklist. Bandalag íslenskra leikfélaga vill vinna að þróun og eflingu leiklistar með því:

- að stuðla að uppbyggingu leiklistarstarfs í öllum byggðarlögum.
- að gera áhugafólki kleift að afla sér menntunar í listinni og skapa því aðstöðu til að þrskast í menningarlegu og faglegu tilliti.
- að stuðla að því að börn og ungingar kynnist leiklist, jafnt sem þátttakendur og áhorfendur.
- að starfa með atvinnufólki að því markmiði að leiklistinni verði ætíð tryggð þrskavænleg skilyrði.
- að stuðla að samskiptum og samvinnu leiklistaráhugafólks á norrænum og alþjóðlegum vettvangi.
- að hvetja til að listrænn metnaður og virðing fyrir leiklistinni sé leiðarljós allra áhugaleikara.
- að halda á lofti gildi þeirrar reynslu sem fæst með samstarfi og í samneyti við annað fólk.

Samþykkt á aðalfundi í Reykholti 5. maí 2001

Athyglisverðasta áhugaleiksýningin leikárið 2004–2005

Val Þjóðleikhússins á athyglisverðustu áhugaleiksýningu leikársins hefur nú farið fram tólfta leikárið í röð. Tólf leikfélög sóttu eftir að koma til greina við valið með alls fjórtán sýningar. Dómnefnd Þjóðleikhússins í ár var skipuð Tinnu Gunnlaugsdóttur þjóðleikhússtjóra, Hlín Agnarsdóttur, leiklistarráðunauti Þjóðleikhússins og Þórhalli Sigurðssyni leikara og leikstjóra við Þjóðleikhúsið. Það var Hlín Agnarsdóttir sem kynnti úrslitin á hátíðarkvöldverði í Stykkishólmi þann 7. maí.

Eftirtalin leikfélög sóttu um með þessar sýningar:

Stúdentaleikhúsið með *Þú veist hvernig þetta er* eftir hópinn og leikstjórn Jón Pál Eyjólfsson
 Ungmennafélagið Íslendingur með *Bláa hnöttinn* eftir Andra Snæ Magnason í leikstjórn Björns Gunnlaugssonar
 Leikfélag Mosfellssveitar með *Peysufatadaginn* eftir Kjartan Ragnarsson í leikstjórn Arnar Árnasonar
 Leikfélag Kópavogs og Hugleikur með *Memento mori* eftir Hrefnu Friðriksdóttur í leikstjórn Ágústu Skúladóttur
 Skagaleikflokkurinn með *Járnhausinn* eftir þá bræður Jón Múla og Jónas Árnason í leikstjórn Helgu Brögu Jónsdóttur
 Leikfélag Selfoss með *Náttúran kallar* sem var spunnin af hópnum í leikstjórn Sigrúnar Sólar Ólafsdóttur
 Hugleikur með *Patataz* eftir Björn Margeir Sigurjónsson í leikstjórn Bergs Þórs Ingólfssonar
 Leikfélag Mosfellssveitar með *Ævintýrabókina* eftir og í leikstjórn Péturs Eggerz
 Leikfélagið Grímnir með *Fiðlarann á þakinu* eftir Joseph Stein og Jerry Bock í leikstjórn Ingunnar Jensdóttur
 Leikfélag Vestmannaeyja með *Makalusa sambúð* eftir Neil Simon í leikstjórn Ásgeirs Sigurvaldasonar
 Leikfélag Hornafjarðar með *Súperstar* eftir Andrew-Lloyd Webber og Tim Rice í leikstjórn Gunnars Sigurðssonar
 Leikfélag Húsavíkur með *Sambýlinga* eftir Tom Griffin í leikstjórn Odds Bjarna Þorkelssonar
 Stúdentaleikhúsið með *Tilbrigði við sjófugl* byggt á Mávinum eftir Anton Tsékov í leikstjórn Eddu Bjargar Eyjólfsdóttur og Mörtu Nordal
 Leiklistarfélag Seltjarnarness með *Blessað barnalán* eftir Kjartan Ragnarsson í leikstjórn Bjarna Ingvarssonar



Hlín Agnarsdóttir

Eins og ykkur er flestum kunnugt urðu þjóðleikhússtjóraskipti um sl. áramót og með nýjum húsbónda/eða húsmóður kemur nýtt fólk og nýir siðir. Nýja dómnefndin tók til starfa í byrjun desember 2004 en sökum anna nýja leikhússtjórans tókst okkur ekki öllum að sjá allar sýningarnar sem sóttu um að þessu sinni. Við skiptum því með okkur verkum að tillögu þjóðleikhússtjóra en meirihluti nefndarinnar sá flestar sýningarnar annað hvort á heimavelli eða á myndbandi. Eins og endranær var ánægjulegt að verða vitni að því fjölbreytta og mikilvæga starfi sem fer fram í áhugaleikfélögum landins en án starfsemi þeirra væri ekkert atvinnuleikhús á Íslandi. Íslensk leiklist byggði til skamms tíma nær eingöngu á þeirri hefð sem skapast hafði í starfsemi áhugamanna í leiklist út um allt land. Áður en við ljóstrum upp hvaða sýning var valin áhugaleiksýning ársins 2005 viljum við nefna nokkrar sýningar hér í kvöld sem vöktu athygli okkar.

Þar ber fyrst að nefna sýningu Leikfélags Húsavíkur á Sambýlingum sem var einlæg og sönn lýsing á þroskaheftum einstaklingum sem búa saman á sambýli, leikstjórnin einkenndist af lifandi persónusköpun og frábærri úrvinnslu leikaranna, afar falleg og fagmannlega unnin sýning af leikhópnum og öllum aðstandendum.

Sýning Leikfélags Selfoss á verkinu Náttúran kallar var bráðskemmtileg sýning sem sýndi okkur þverskurð af útilegu- og útivistarmenningu Íslendinga. Leikhópurinn var samstilltur og agaður undir stjórn leikstjórans Sigrúnar Sólar og sýningin var frumleg í uppsetningu og vel leikin.

Sýning Leikfélags Kópavogs og Hugleiks á Memento Mori var einnig gott dæmi um vel unna og frumlega

áhugamannasýningu sem vakti okkur til umhugsunar um eilífðarmálin, dauðann og mörkin milli lífs og dauða.

Þá var sýning Leikfélagsins Grímnis á Fiðlaranum á þakinu enn eitt dæmið um kraftmikið starf áhugaleikfélaganna, framtakið lofsvert og hreint ótrúlegt að sjá 5% byggðarinnar hér í kring taka þátt í uppfærslunni.

Það væri hægt að nefna fleiri dæmi um metnaðarfullt framtak og djörfung í verkefnavali ekki síst þar sem frumsamin íslensk verk voru á ferð. Áhugasýning ársins 2005 er einmitt í flokki frumsaminnna verka þar sem hópurninn undir stjórn leikstjórans lagði allur hönd á plóg og skapaði eftirminnilega og róttæka sýningu.

Dómnefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að velja að þessu sinni sem athyglisverðustu áhugaleiksýningu leikársins 2004–2005 sýningu Stúdentaleikhússins á *Þú veist hvernig þetta er*. Höfundar verksins er leikhópurinn sjálfur ásamt leikstjóranum Jóni Páli Eyjólfssyni.

Umsögn dómnefndar um sýninguna er svohljóðandi:

Sýning Stúdentaleikhússins á *Þú veist hvernig þetta er*, er hárbeytt og djörf háðsádeilla á íslenskan samtíma sett fram í revíuformi sem allur leikhópurinn kemur að. Hún kemur sem hressilegur gastur inn í áhugastarf leikfélaganna, textinn er bæði myndinn og alvarlegur og kemur við kaunin á áhorfendum. Framsetning og túlkun hópsins er í ætt við pólitískt leikhús eins og það gerðist best á síðustu öld. Uppsetningin, útlit og hönnun leiksviðsins er stílhrein og einföld eins og vera ber og hitti beint í mark. Leikhópurinn er ekki feiminn við að setja fram róttæka þjóðfélagsgagnrýni og láta okkur fá það óþvegið hvort sem um er að ræða Íraksstríð, kynþáttafordóma eða fjölmiðláklað. Það er greinilegt að hópurninn hefur unnið undir samstilltu átaki leikstjórans Jóns Páls Eyjólfssonar og átta margir leikaranna frábæra spretti eins og t.d. í atriðinu Dauðinn í beinni. Leiksýningin var eins og ferskur andblær í sinnuleysi neyslumeningar og það var bæði gott og gaman að finna fyrir því að ungt fólk í leikhúsi tæki afstöðu gagnvart pólitík samtímans jafnt innanlands sem utan.

F.h. dómnefndar og Þjóðleikhússins óska ég Stúdentaleikhúsinu til hamingju og býð því að koma og sýna *Þú veist hvernig þetta er* í Þjóðleikhúsinu í byrjun júní.

Hlín Agnarsdóttir



Úr sýningu Stúdentaleikhússins *Þú veist hvernig þetta er*

Verkefni og skýrslur stjórnna aðildarfélaganna leikárið 2004–2005



Taktu lagið Lóa

Freyvangsleikhúsið, Eyjafirði

Taktu lagið Lóa

eftir Jim Cartwright, þýðing Árni Ibsen, leikstjórn Ólafur Jens Sigurðsson.
Þátttakendur: 7 Sýningar: 14 Áhorfendur: 683

Jing og Jang

eftir Björn M. Sigurjónsson, leikstjóri Guðrún Halla Jónsdóttir.
Þátttakendur: 5 Sýningar: 1 Áhorfendur: 130

Gæludýrafárið

eftir Helga Þórsson, Sverri Friðriksson o.fl., leikstjóri Helgi Þórsson.
Þátttakendur: 30 Sýningar: 2 Áhorfendur: 160



Kirsuberjagarðurinn

Halaleikhópurinn, Reykjavík

Kirsuberjagarðurinn

eftir Anton Tsjekhov, þýðing Eyvindur Erlendsson, leikstjórn Guðjón Sigvaldason.
Þátttakendur: 48 Sýningar: 11 Áhorfendur: 435

Portrett

eftir Magnús Guðmundsson og Örn Alexandersson, leikstjóri Kristinn Guðmundsson.
Þátttakendur: 5 Sýningar: 1 Áhorfendur: 130

Skýrsla stjórnar:

Á aðalfundinum 28. maí 2004 var í fyrsta sinn kosið eftir nýju lögunum og var formaður kosinn til 2ja ára, ásamt ritara, meðstjórnanda og einum varamanni. En gjaldkeri, varaformaður og 2 varamenn til eins árs. Því voru núna kosnir til 2ja ára gjaldkeri, varaformaður og 2 varamenn. Formaður átti eftir 1 ár, en hætti og bauð sig fram til gjaldkerastarfa og var kosin til 2ja ára og því þurfti núna að kjósa formann til eins árs. 3. varamaður (sem átti eftir 1 ár) hætti og var kosin varaformaður til 2ja ára. Þannig að núna voru kosnir 2 varamenn til 2ja ára og 1 til eins árs.

Héldum leiklistarnámskeið 8.–25. nóvember 2004, 8 til 10 manns mættu.

Við tókum þátt í stuttverkahátíðinni *Margt smátt* í Borgarleikhúsinu 1. vetrardag 2004. Send voru 2 stuttverk inn. Aðeins *Portret* eftir Magnús Guðmundsson og Örn Alexandersson í leikstjórn Kristins Guðmundssonar komst að og leikarar voru Selma Þorvaldsdóttir og María Jónsdóttir. 17 Halar fóru á hátíðina og skemmtu sér konunglega.

Haldnir voru 17 stjórnarfundir og félagsfundir voru 3 á leikárinu: 26. ágúst og 5. sept. 2004 og félagsfundur og jólabíó 11. desember '04 og svo startfundur í fyrstu viku jan. 2005 með tilvonandi leikurum, sem endaði á 1. samlestri. Byrjað var að æfa *Kirsuberjagarðinn* eftir Anton Tsejkhov í 1. viku janúar og frumsýnt 4. mars 2005. Sýningar urðu 11. Aðsókn var nokkuð góð.

Í fyrsta skipti í sögu Halaleikhópsins, var hægt að borga miðana með greiðslukorti. Posanum var svo skilað í lok sýningartímabils og verður leigður aftur fyrir næsta leiktímabil.

Sendum 2 fulltrúa á haustfund BÍL á Akureyri 9.–10. okt. '04, þau Ásu Hildi Guðjónsdóttur og Örn Sigurðsson og Jón Eiríksson, sem fulltrúa okkar á Aðalfund BÍL í Stykkishólmi 6.–8. maí 2005.

Hanna Margrét Kristleifsdóttir, formaður

Hugleikur, Reykjavík

Patataz

eftir Björn Margeir Sigurjónsson, leikstjóri Bergur Þór Ingólfsson.
Þátttakendur: 14 Sýningar: 8 Áhorfendur: 250

Enginn með Steindóri

eftir Nínu Björk Jónsdóttur, leikstjóri Þorgeir Tryggvason.
Þátttakendur: 20 Sýningar: 7 Áhorfendur: 311

Þetta mánaðarlega – haust 2004

höfundar Jónína Óskarsdóttir, Ylfa Mist Helgadóttir, Hrefna Friðriksdóttir, Júlía Hannam, Hildur Þórðardóttir og Þórarinn Stefánsson, leikstjórar Unnur Guttormsdóttir, Rúnar Lund og Hrefna Friðriksdóttir.
Þátttakendur: 18 Sýningar: 2 Áhorfendur: 120

Þetta mánaðarlega – vor 2005

höfundar Nick Kaldunski og Sævar Sigurgeirsson, leikstjórar Guðmundur Erlingsson og Sigríður Lára Sigurjónsdóttir.
Þátttakendur: 7 Sýningar: 1 Áhorfendur: 30

Skýrsla formanns:

Stjórn Hugleiks þetta leikárið var þannig skipuð:

Þorgeir Tryggvason, formaður

Jóhann Hauksson, varaformaður

Sigurður H. Pálsson, ritari

Júlía Hannam, gjaldkeri

Fríða Bonnie Andersen, meðstjórnandi

Í varastjórn voru Björn Thorarensen, Hjalti Stefán Kristjánsson og Hrefna Friðriksdóttir.

Fjölmarginir fundir voru haldnir, langflestir á Eyjarlóð 9, en einnig í Vatnagörðum 4 og Möguleikhúsinu.

Að vanda sóttu fjölmarginir hugleikarar leiklistarskóla Bandalagsins síðasta sumar, auk þess sem tveir hugleikarar voru meðal kennara, Sigrún Valbergsdóttir varaendurskoðandi og Þorgeir Tryggvason. Einnig voru hugleikarar meðal nemenda á námskeiði í þykjustuslagsmálum í Reykjavík á vordögum. Hugleikarar verða áfram áberandi í skólanum núna í vor.

Eistland

Hugleikur var eins og oft áður á faraldsfæti erlendis síðasta sumar, en *Undir hamrinum* fór í sigurför á norðurevrópsku leiklistarhátíðina í Viljandi í Eistlandi. Í framhaldi var lagt að okkur að sækja um að fara á alþjóðahátíðina í Mónakó 2005, sem við og gerðum, og urðum fyrir valinu.

Einþáttungar

Á haustdögum var einþáttungasýning í Kaffileikhúsinu, sex þættir sýndir, flestir frumsýndir. Tókst ágætlega og þrjár þáttanna voru síðan sýndir á *Margt smátt*, einþáttungahátíð Bandalags íslenskra leikfélaga og Borgarleikhússins seint í október. Áætlanir voru um frekari smáverkasýningar á árinu, en lítið varð úr framkvæmdum, þannig féll t.d. niður jóladagskrá félagsins í fyrsta sinn í manna minni og áform um prógram í maí endaði á tveimur þáttum sem sýndir voru í tengslum við aðalfund.

Memento Mori

Síðasta haust var hafist handa við samstarfsverkefni Hugleiks og Leikfélags Kópavogs, Memento mori. Fjórir leikarar frá hvoru félagi mynduðu leikhópin og aðrir kraftar skiptust einnig milli félaganna, en handritshöfundur og tónlistarhöfundur voru úr röðum Hugleiks, þau Hrefna Friðriksdóttir og Björn Thorarensen. Leikstjóri var Ágústa Skúladóttir. Æfingar fóru fram á Eyjarlóðinni fyrst í stað, en síðan í Hjáleigunni í Kópavogi þar sem síðan var sýnt. Sýningin fékk fína dóma og urðu margir til að ljúka lofsorði á hana enda um margt óvenjuleg og metnaðarfull. Aðsókn var á hinn bóginn með minna móti og reyndar má segja að þetta hafi einkennt verkefni vetrarins: Vönduð vinna, fáir gestir.

Vorverkefni

Ætlunin var sú að vorverkefni félagsins yrði hópvinnusýning upp úr ævintýrum H.C. Andersen undir leikstjórn Ágústu Skúladóttur. Því verkefni „rændi“ síðan Þjóðleikhúsið, en þar á bæ höfðu menn fengið sömu hugmynd. Það vildi reyndar svo til að sjaldan hefur Hugleikur verið eins vel í stakk búin að sjá á bak vorverkefninu. Auglýst var eftir handritum og bárust ein sex. Af þeim urðu tvö fyrir valinu, *Aðfarnótt* eftir Björn Margeir, sem seinna skipti um nafn og var sýnt í nýju leikhúsi í Vatnagörðum undir nafninu *Patataz*, og *Enginn með Steindóri* eftir Nínu Björk Jónsdóttur sem sýnt var í Möguleikhúsinu í maí. Til að sviðsetja *Patataz* var fenginn Bergur Þór Ingólfsson, sem ekki hafði áður unnið með Hugleik, en óhætt er að fullyrða að hann verði kallaður til aftur, slík var ánægja leikhópsins með samvinnuna við hann. Þorgeir Tryggvason setti *Steindór* á svið. Báðar þessar sýningar tókust vel, voru vel leiknar og fagmannlega fram settar. Aftur voru áhorfendur samt færri en við hefðum kosið. Þó svo heimildir hermi að almennur samdráttur ríki í áhorfendafjölda er þetta samt áhyggjuefni sem félagið verður að leita leiða til að snúa við.

Hugleikur tók síðan þátt í Leikum núna, leiklistarhátíð Bandalags Leikfélaga á Akureyri, með *Patataz* og *Memento Mori*.



Patataz



Þetta mánaðarlega – haust



Sigurgeir Hilmar, leikstjóri

Leikdeild Umf. Vöku, Villingaholtshreppi

Stútungasaga

eftir Ármann Guðmundsson, Hjördísi Hjartardóttur, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason, leikstjóri Sigurgeir Hilmar Friðbjólfsson.

Þátttakendur: 28

Sýningar: 5

Áhorfendur: 387

Skýrsla stjórnar 2004:

Í stjórn leikdeildar 2004 sátu:

Þorsteinn Logi Einarsson, formaður

Kristján Gestsson, gjaldkeri

Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir, ritari

Á aðalfundi Umf. Vöku 2. janúar 2004 var í fyrsta skipti formlega kosið í stjórn leikdeildar. Samþykkt var að í stjórn hennar sætu formaður skemmtinefndar og gjaldkeri félagsins ásamt þriðja aðila sem kosinn væri af aðalfundi.

Snemma á árinu var ákveðið að standa fyrir leiksýningu í samvinnu við handverkssýninguna „Hugvit og Hagleikur“. Var Sigurgeir Hilmar Friðbjólfsson fenginn til að aðstoða við val á verki sem og leikstjórn. Ákveðið var að taka fyrir verkið *Gullbrúðkaupið* eftir Jökul Jakobsson og hófst vinna við leiksýninguna í febrúar, þegar skipað var í hlutverk og æfingar hófust. Leikarar í verkinu sjálfu voru fjórir en auk þeirra komu margir að verkinu með einum eða öðrum hætti, t.d. með láni á búningum og munum, sviðsmyndahönnun og smíði, ljóssastjórn, förðun og fleira. Ráðist var í að smíða leiktjöld sem hægt væri að nota við fleiri tækifæri. Leiktjöldin eru í einingum og bjóða upp á ýmsa möguleika í uppsetningu.

Gullbrúðkaupið var frumsýnt sumardaginn fyrsta, 22. apríl 2004, á fyrsta degi handverkssýningarinnar. Leikritið var einnig sýnt 24. og 25. apríl. Í heildina er áætlað að um 300 manns hafi í heild komið á sýningarnar sem er mjög viðunandi. Erfitt er þó að meta fjölda sýningargesta til fulls vegna þess að leiksýningin var ekki aðskilin handverkssýningunni og selt inn á viðburðina saman. Leikritið fékk mjög góðar viðtökur sýningargesta og var greinilegt að skemmtileg og hnyttin gamansemin í leikritinu féll vel í kramið hjá þeim. Leikritið var svo sýnt í fjórða og síðasta sinn á kvöldvöku kvenfélaganna þriggja í Gaulverjarbæjar-, Hraungerðis- og Villingaholtshreppi sem haldin var í Þjórsárveri 14. maí 2004.

Á árinu voru haldnir tveir stjórnarfundir leikdeildar, fyrir leiksýningu og í lok árs. Á fyrri fundinum var aðallega fjallað um hvernig standa ætti að leiksýningunni, hvað þyrfti að útvega og smíða fyrir hana o.s.frv. Einnig var rætt um kostnað við sýninguna s.s. árgjald til BÍL, höfundarlaun og annan kostnað. Á seinni fundinum var farið yfir starf leikdeildarinnar á árinu. Ákveðið var að setja ekki upp stórt verk á árinu 2005, heldur stefna að því að setja upp leikverk árið 2006. Ákveðið var að greiða áfram árgjald til BÍL þótt ekki væri á stefnuskránni að setja upp stórt verk, en athuga með að sækja um styrk til félagsins t.d. vegna skemmtiatriða á þrettándagleði.

Að lokum vill stjórn leikdeildar þakka öllum þeim sem komu að uppsetningu *Gullbrúðkaupsins* með einum eða öðrum hætti og aðstoðuðu okkur með ráðum og reynslu, lánuðu búninga og leikmuni og umfram allt studdu við það leiklistarstarf sem á sér stað hér í hreppnum. Gleðilegt ár.

F.h. stjórnar leikdeildar Umf. Vöku
Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir

Skýrsla stjórnar 2005:

Þar sem leikár leikdeildar Umf. Vöku miðast við áramót sendum við hér skýrslu um það starf sem unnið hefur verið í leikdeildinni frá áramótum til og með júní 2005.

Í stjórn leikdeildar Umf Vöku árið 2005 sátu:

Þorsteinn Logi Einarsson, formaður

Fanney Ólafsdóttir, gjaldkeri

Guðmunda Ólafsdóttir, ritari

Uppfærsla á verkinu *Stútungasaga* var ákveðin í tengslum við fjölskyldu- og menningarhátíðina „Fjör í Flóanum“ sem haldin var í Villingaholts-, Hraungerðis- og Gaulverjarbæjarhreppi dagana 27.–29. maí 2005. Þessi hátíð var ætluð sem kynningarhátíð á Flóasvæðinu. Leikdeild Umf. Vöku ákvað snemma á árinu að taka þátt í þessari hátíð með leiksýningu af einhverju tagi og sýna það og sanna hversu öflugt leiklistarstarf er á vegum leikdeildarinnar. Eftir miklar bollaleggingar og viðræður við leikstjórnann, Sigurgeir Hilmar Friðbjólfsson, var ákveðið að taka fyrir verkið *Stútungasaga* eftir Ármann Guðmundsson, Hjördísi Hjartardóttur, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason og bjóða Ungmennafélögunum Baldri og Samhygd að taka þátt í uppfærslunni og efla þannig samstarf milli félaganna þriggja sem og auka áhuga nágrannafélaga okkar á leiklistarstörfum almennt. Félagin tóku vel í það og voru félagsmenn þeirra bæði hluti af leikhópnum sem og aðrir starfsmenn við sýninguna. Æfingar á *Stútungasögu* hófust í mars og fóru rólega af stað. Í maímánuði var svo unnið af krafti við æfingar á leikverkinu, uppsetningu ljósabúnaðar, hönnun og smíði leikmynda og annað sem tengist sýningunni. *Stútungasaga* var frumsýnd laugardaginn 28. maí klukkan 15.00 og var önnur sýning um kvöldið. Þriðja sýning var sunnudaginn 29. maí, sú fjórða 3. júní og fimmta og síðasta sýning var 5. júní. Alls er áætlað að 387 áhorfendur hafi komið á sýninguna og var henni mjög vel tekið í alla staði. Leikdeild Umf. Vöku þakkar öllum þeim sem komu að uppfærslu *Stútungasögu* fyrir gott og ánægjulegt samstarf. Ársskýrsla leikdeildar Umf. Vöku verður gefin út 31. desember 2005.

Guðmunda Ólafsdóttir

Leikfélag Blönduóss

Skemmtidagskrá

samin og leikstýrt af félögum í leikfélaginu.

Pátttakendur: 9

Sýningar: 1

Áhorfendur: 300

Skýrsla stjórnar:

Stjórn leikfélagsins skipa:

Kristín Guðjónsdóttir, formaður

Hólmfríður B. Jónsdóttir, gjaldkeri

Benedikt Blöndal, ritari

Þorgrímur Pálmason og

Birna Lúkasdóttir



Skemmtiatriði á þorablóti

Á aðalfundi leikfélagsins í júní 2004 var ákveðið að halda upp á 60 ára afmæli félagsins. Skipuð var afmælisnefnd og tók hún til starfa um haustið.

Eftir nokkrar vangaveltur var ákveðið að bjóða leikfélögum og mökum þeirra til veislu í félagshemilinu þann 30. október. Einnig var bæjarstjórn og nokkrum velunnurum og burtfluttum fyrrum stjórnarmeðlimum boðið.

Stjórnin tók á móti gestum íklædd leikbúningum og bauð upp á fordrykk. Um matinn sá veitingahúsið Við Árbakkann með miklum sóma. Að honum loknum voru skemmtiatriði að hætti leikfélagsins, söngur og glens.

Sigurður Þorsteinsson, gamalreyndur félagi og fyrrum formaður, var gerður að heiðursfélagi og félaginu voru færðar gjafir.

Í nóvember var svo farið að huga að undirbúningi þorablóts Kvenfélagsins Vöku, en samstarf hefur verið undanfarin ár milli félaganna. Nokkur vinna fór í samningsgerð leikþátta og söngtexta, mest ádeila á bæjaryfirvöld og þá sem láta til sín taka í bæjarfélaginu. Þetta var svo frumsýnt á þorablótinu 22. janúar 2005 við góðar undirtektir.

Ákveðið var að setja ekki upp leiksýningu í vor eins og oft áður, en byrja með krafti í haust.

Kristín Guðjónsdóttir, formaður

Leikfélag Dalvíkur

Kvenfélagið

höfundar Arnar Símonarson, Dana Jóna Sveinsdóttir, Friðrik Ómar Hjörleifsson og Sólveig Ragnarsdóttir, leikstjóri Arnar Símonarson.

Pátttakendur: 28

Sýningar: 10

Áhorfendur: 677

Stjórn leikfélagsins er þannig skipuð:

Arnar Símonarson, formaður

Lárus Heiðar Jónsson, varaformaður

Hólmfríður M. Sigurðardóttir, gjaldkeri

Olga Guðlaug Albertsdóttir, ritari

Sólveig Rögnvaldsdóttir, meðstjórnandi

Varamenn í stjórn eru:

Friðrik Sigurðsson

Dagbjört Sigurpálsdóttir

Sigurbjörn Hjörleifsson



Kvenfélagið

Eitt verk var sett upp hjá LD á þessu leikári, en það var verkið Kvennfélagið. Höfundar verksins eru 4 heimamenn, en tónlistin og textar við lög úr sýningunni voru einnig unnin af heimamönnum.

Til stóð að vinna dagskrá fyrir börn á vordögum og halda leiklistarnámskeið fyrir félagsmenn, en vegna breytinga á leikhúsi tókst ekki að hringa þessum áformum í framkvæmd. Í staðinn stendur til að setja upp verk fyrir börn í haust.

Arnar Símonarson, formaður

Leikfélag Djúpavogs*Með veröldina í vasanum*

höfundur og leikstjóri Hallgrímur Oddsson.

Þátttakendur: 5

Sýningar: 4

Áhorfendur: 144

Skýrsla stjórnar:

Á síðasta ári setti leikfélagið ekki upp verk (2003–2004). En þetta árið gerðumst við djörf, stigum fast fram og fengum til okkar leikstjóra, sem ásamt leikhópnum, 5 persónum, samdi verkið *Með veröldina í vasanum*. Var verkið sýnt þrisvar á Djúpavogi og einu sinni á Breiðdalsvík. Það komu alls ekki nógu margir á sýningarnar en þær heppnuðust mjög vel og við fengum góða umfjöllun hér eystra.

Í stjórn eru:

Hallveig Ingimarsdóttir, formaður

Guðrún Anna Eðvaldsdóttir, gjaldkeri

Dagbjört Agnarsdóttir, meðstjórnandi og varaformaður

Birgir Th. Guðjónsson, meðstjórnandi

*Með góðri kveðju og fyrir hönd leikfélags Djúpavogs**Guðrún Anna Eðvaldsdóttir***Leikfélag Fljótsdalshéraðs***Bugsy Malone*

eftir Alan Parker, þýðing og leikstjórn Guðjón Sigvaldason.

Þátttakendur: 89

Sýningar: 10

Áhorfendur: 940

Kirsuberjasysturnar

eftir Michael Green, þýðandi Guðjón Ólafsson, leikstjóri Einar Rafn Haraldsson.

Þátttakendur: 10

Sýningar: 1

Áhorfendur: 25

*Bugsy Malone**Skýrsla stjórnar:*

Leikárið byrjaði í september þar sem við í stjórn leikfélagsins auglýstum eftir krökkum úr 6–10 bekk alls staðar af Héraðinu til að leika í söngleiknum *Bugsy Malone* (eftir Alan Parker) og ekki stóð á viðbrögðunum. Hátt í hundrað krakkar sóttu um og átti Guðjón Sigvaldason (sem fenginn var til að leikstýra) í fullu fangi með að velja og hafna en stóð að lokum uppi með um 70 krakka og unglunga. Upp hófst langt og strangt ferli þar sem meðal annars þurfti að samhæfa söng og dans, byggja gríðarlega sterka sviðsmynd og reyna að halda aga á öllum skaranum en það tókst að lokum og varð þetta hin finasta sýning. Freyja Kristjánsdóttir hélt utan um tónlistina sem tókst með stakri þryði sem og annað í þessari sýningu. Sýningarnar urðu alls 10 og sóttu hana um það bil 1000 manns.

Um jólin var leikfélagið fengið, eins og nokkur ár á undan, til þess að sjá um Grýlgleði á Skriðuklaustri, en 2–3 leikarar frá LF héldu upp í Skriðdal og skemmtu leikskólabörnum og tókst það með miklum ágætum.

Fljótlega eftir áramót kviknaði sú hugmynd að setja upp lítinn einþáttung svo við þessi fullorðnu fengjum eitthvað að leika líka. Einar Rafni Haraldssyni falið það verkefni að finna sniðugt verk til að sýna og varð fyrir valinu farsí eftir Michael Green (ásamt fl.) sem ber heitið *Kirsuberjasystur*. Fjöldi persóna er 9 og er verkið um 25 mín. langt. Sökum annríkis og skorts á leikurum tafðist frumsýningin alveg fram í maí en sýninguna sóttu um 20 manns. Með leikfélaginu í för var listahópur að nafni Ull þar sem leiddu fram hesta sýna skáld og trúbadorar og úr varð hin finasta kvöldskemmtun.

Hugmyndin er að fara með þessa kvöldskemmtun á firðina í kring og sýna þetta 17. júní á Egilsstöðum.

Leikárið 2004–2005 var sem sagt erfitt, viðburðaríkt en umfram allt skemmtilegt eins og sjálfsagt hjá flestum leikfélögum.

Stjórn Leikfélags Fljótsdalshéraðs 2004–2005:

Björgvin Gunnarsson, formaður

Fjóla Sverrisdóttir, gjaldkeri (var varamaður)

Dr. Sigurður Ingólfsson, ritari

Pór Ragnarsson, meðstjórnandi

Freyja Kristjánsdóttir, meðstjórnandi

Daníel Behrent, varamaður

Gunnar Gestsson hætti snemma í haust sem meðstjórnandi

Leikfélag Hafnarfjarðar

Beisk tár Petru von Kant

höfundur Rainer Werner Fassbinder, þýðandi Böðvar Guðmundsson,
leikstjóri Lárus H. Vilhjálmsson.
Þátttakendur: 6 Sýningar: 7 Áhorfendur: 97

Að sjá til þín maður

höfundur Franz Xavier Kroetz, þýðendur Vigdís Finnbogadóttir og Ásthildur
Egilsson, leikstjóri Gunnar Björn Guðmundsson.
Þátttakendur: 7 Sýningar: 7 Áhorfendur: 84

Birdy

höfundur William Wharton, þýðing og leikstjóri Ingvar Bjarnason.
Þátttakendur: 6 Sýningar: 14 Áhorfendur: 216

Dýragarðssaga

höfundur Edward Albee, þýðandi Þórunn Gréta Sigurðardóttir, leikstjóri
Halldór Magnússon.
Þátttakendur: 3 Sýningar: 6 Áhorfendur: 86

Pörunardans hnífakastarans og skeggjuðu konunnar

samið af leikurum og leikstjóra, Ágústu Skúladóttur. Þátttakendur: 3
Sýningar: 1 Áhorfendur: 150

Kjallarabörn

höfundar og leikstjórar Ingvar Bjarnason, Stefán Vilhemsson og Aldís
Davíðsdóttir.
Þátttakendur: 3 Sýningar: 1 Áhorfendur: 150

Þegar dauðinn drepur á dyr

höfundur Woody Allen, þýðandi Lilja Nótt Þórarinsdóttir, leikstjóri Guðjón
Þorsteinn Pálmarsson.
Þátttakendur: 3 Sýningar: 1 Áhorfendur: 150

Frá stjórn Leikfélags Hafnarfjarðar

Kæra leikhúsfólk!

Í dag er rétt ár síðan Leikfélag Hafnarfjarðar fékk aðstoðu í gamla Lækjarskóla afhenta. Það hefur ýmislegt gengið á síðan við tókum við húsnæðinu. Við byrjuðum á að frumsýna *Hamskiptin*, síðan *Beisk tár Petru von Kant*, *Að sjá til þín maður!*, *Birdy* og *Dýragarðssögu*. Einnig fengum við eina gestaleiksýningu frá nemendum úr leiklistarskólanum Rose Bruford í London en þau sýndu leikritið *Beauty*. Nokkur leiklistarnámskeið voru haldin hjá okkur, en þar má nefna leiksmiðju fyrir börn yfir sumarið og leikfélagið Sýnir fékk einnig að æfa hérna fyrir *Stútungasögu*, og síðan héldu þeir námskeið sumarið eftir. Einnig æfðum við í Leikfélagi Hafnarfjarðar og sýndum þrjú örleikrit sem voru valin á örleikritahátíðina *Margt smátt* sem haldin var í Borgar-leikhúsinu en það voru, *Dauðinn drepur á dyr*, *Kjallarabörnin* og *Pörunardans hnífakastarans og skeggjuðu konunnar*.

En *Pörunardansinn* var unninn í samstarfi við Leikfélag Mosfellssveitar. Þó starfsemin hafi verið mikil á árinu þá má ekki gleyma því í þessari upptalningu að á þessu tæpa ári höfum við breytt gömlum grunnskóla í fullkomið leikhús. Það kostaði mikla vinnu en þessi tími hefur verið ótrúlega ánægjulegur og mikilvægt uppbyggingarstarf í leikfélaginu og hefur þjappað hópnum saman og dregið inn mikið af nýju fólki.

Ég vil þakka nokkrum aðilum fyrir aðstoðina á þessu ári. Leikfélag Kópavogs, Halaleikhópurinn, Leikfélag Mosfellsbæjar, Leikfélag Seyðisfjarðar og Hermóður og Háðvör, en þessi leikfélög hafa lánað okkur ljósabúnað á meðan við vorum að koma upp okkar eigin búnaði. Einnig má ekki gleyma Gunnari húsverði en hann er okkur alltaf innan handar.

Leikfélag Hafnarfjarðar var tilnefnt til Hvatningarverðlauna 2004 en ferðaþjónustan í Hafnarfirði hefur undanfarin tíu ár veitt verðlaun þeim fyrirtækjum og félagasamtökum sem þótt hafa framsækinn og stuðlað að eflingu ferðaþjónustu og menningar í bænum. Þetta er mikill heiður fyrir lítið félag eins og Leikfélag Hafnarfjarðar að vera valið úr öllum félögum og fyrirtækjum í Hafnarfirði. Þessi viðurkenning sem tilnefningin veitir okkur mun efla okkur í starfi og mun vera hvatning til frekari verka.

Í þessari fimm leikrita seríu voru fimm leikstjórar, þar af þrjú að þreyta frumraun sína fyrir Leikfélag Hafnarfjarðar, og tvær nýjar þýðingar. Þessar sýningar fengu allar mikið lof áhorfenda og gagnrýnenda, enda voru einkunnarorð okkar alltaf að ekkert mætti spara í kröftum og metnaði. Þetta ár er sennilega eitt afkastamesta ár í sögu Leikfélags Hafnarfjarðar.

Þó að þessum áfanga sé náð þýðir það ekki að leikfélagið ætli að leggjast undir feld og hafa það náðugt. Það er ýmislegt á þrjónunum næsta leikár.

Virðingarfyllt,

Gunnar Björn Guðmundsson, formaður



Birdy



Dýragarðssaga



Góðverkin kalla

Leikfélag Hofsóss

Góðverkin kalla

höfundar Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason, leikstjóri Halla Margrét Jóhannesdóttir.

Þáttakendur: 26

Sýningar: 8

Áhorfendur: 505

Skýrsla stjórnar:

Stjórn leikfélagsins skipa:

Fríða Eyjólfsdóttir, formaður

Kristján Jónsson, ritari

Sigmundur Jón Jóhannesson

Árni Bjarkason, meðstjórnandi

Harpa Kristinsdóttir

Aðalfundur Leikfélags Hofsóss var haldinn í nóvember þetta starfsárið. Var mæting óvenju góð, margir ungir nýliðar sóttu um inngöngu og var þeim að sjálfsögðu vel tekið. Fundurinn fól stjórn að ákveða verkefni til að setja á svið ásamt því að ráða leikstjóra. Í framhaldi af því lagðist stjórnin í lestur og varð leikritið Góðverkin kalla fljótlega fyrir valinu.

Seinni partinn í janúar kom Skúli Gautason til fundar við stjórnina og komist var að samkomulagi um að hann tæki að sér að setja verkið á svið. Ekki spillti fyrir að Skúli gjörþekkti verkið, hafði bæði leikið í því og leikstýrt. Strax eftir þorablót, um mánaðamót janúar og febrúar, var svo tilvonandi leikhópur kallaður saman og Skúli mætti á svæðið. En Adam var nú ekki lengi í Paradís, Skúli varð að segja sig frá verkefninu vegna veikinda og við tók nokkuð löng leit að leikstjóra sem lauk með því að Halla Margrét Jóhannesdóttir var ráðin til starfans.

Þann 1. mars hófust svo æfingar, um það bil mánuði síðar en áætlað hafði verið í fyrstu. Þegar hér var komið sögu hafði eitt-hvað af fólki haft of langan umhugsunarfrest til að afþakka hlutverkin sem því höfðu verið ætluð og við tók leit að nokkrum leikurum sem þó tók fljótt af í öllum tilfellum nema einu. Var þar um að ræða sjálfan smábæjartöfvarann í leikritinu svo ekki mátti kasta til höndunum við val á leikara. Eftir að hafa þrætt allar sveitir, og stjórnir og leikstjórnir nánast orðin úrkula vonar, bar leit okkar loks tilætlaðan árangur og hægt var að hefjast handa af fullri alvöru.

Æft var af fullum krafti í 6 vikur og þann 8. apríl var leikritið svo frumsýnt í Félagsheimilinu Höfðaborg. Sýningar urðu 8 talsins og voru undirtektir áhorfenda mjög góðar.

Önnur verkefni félagsins eru helst þau að taka þátt í undirbúningi og sjá um atriði á kvöldvöku á árlegri Jónsmessuhátíð á Hofsósi eins og gert hefur verið undanfarin ár.

Fríða Eyjólfsdóttir, formaður



Superstar

Leikfélag Hornafjarðar, Höfn

Superstar

höfundar Tim Rice og Andrew Loyd Webber, þýðendur Emelía Baldursdóttir og Hannes Örn Blandon, leikstjóri Gunnar Sigurðsson.

Þáttakendur: 21

Sýningar: 9

Áhorfendur: 474

Skýrsla stjórnar:

Aðalfundur LH var haldinn í Hlíðunni föstudaginn 14. maí. Ekki var fjölmætt á fundinn en vel mannaður var hann samt. Um það sem gerðist á fundinum vísa ég til aðalfundargerðar sem hér liggur frammi. En það náðist að manna stjórn og var hún þannig skipuð:

Magnús J. Magnússon formaður. Heiðveig M. Jónsdóttir ritari, Ingólfur

Baldvinsson gjaldkeri. Aðrir: Róbert Ferdinandsson, Sigrún Inga Sigurgeirsdóttir, Björn Sigfinnsson og Þórður Ingvarsson.

Voru menn nokkuð sáttir að hafa náð saman þessum hóp og tók hann strax til starfa. Stjórnarfundir voru 8 á árinu og voru þeir haldnir í víðs vegar. Góður andi ríkti í stjórnarsamstarfinu og vil ég þakka fráfarandi stjórn samstarfið.

Starfsemi vetrarins fór hægt af stað. Formaðurinn hafði verið í nefndi er fjallaði um stöðu ungs fólks í sveitarfélaginu. Félagið vildi efna til samvinnu um verkefni vetrarins. En vegna breytinga á Leikhúsinu þá var ekki hægt að hefja æfingar fyrr en um miðjan febrúar og var þá farið af stað með æfingar á Súperstar. Leikstjóri var Gunnar Sigurðsson og var frumsýning 16. apríl. Sýningar tókust vel og var lokasýning 4. maí. Framundan er leikferð með sýninguna í Loftkastalann og verða sýningar 18. og 19. júní. Er þetta mjög spennandi verkefni.

Miklar breytingar hafa verið gerðar á Mánagarði og miða allar þær breytingar að því að gera hann að leikhúsi. Líklegt má telja að Leikfélagið flytji starfsemi sína þangað að langmestu leyti. Sviðsop hefur verið stækkað, komnir eru áhorfendapallar, drapperingar og svo mætti lengi telja. Einnig var sett ný neyðarhurð, sem veldur því að sviðið getur verið lengra fram. Eru allir afar ánægðir með þær breytingar er gerðar hafa verið.

Hlaðan okkar! Hvað eigum við að gera? Nú hefur hlutverk hennar breyst. Nýting hennar minnkað. Eigum við að leigja hana!? Það hlýtur að vera hlutverk okkar á eftir að taka ákvörðun um það.

Veturinn hefur verið skemmtilegur! Þó er nauðsynlegt að velta fyrir sér stöðu mála. Ljóst er að með tilkomu leikhúss eru allir möguleikar á því að efla leiklistina. En við sitjum ekki ein að þessu leikhúsi. 2–3 aðrir leikhópar hafa þar aðgengi þannig að skipulagningar er þörf. Við verðum líka að vinna að aðstöðunni sem verið er að afhenda okkur í Mánagarði. Við verðum að efla félagið!

Magnús J. Magnússon, formaður

Leikfélag Hólmavíkur

Bændahátíð

höfundar Jón Jónsson, Kristín Einarisdóttir, Arnar Jónsson o.fl., leikstjórar
Jón og Arnar Jónssynir.
Sýningar: 1 Áhorfendur: 130

Leikfélag Húsavíkur

Sambýlingar

höfundur Tom Griffin, þýðing og leikstjórn Oddur Bjarni Þorkelsson.
Þátttakendur: 15 Sýningar: 30 Áhorfendur: 2.600

Skýrsla stjórnar:

Í byrjun leikársins höfðum við ráðið okkur leikstjóra Odd Bjarna Þorkelsson. Eftir fund með honum og bollaleggingar stjórnar var ákveðið að fá sýningar-rétt á leikriti sem á frummálinu heitir *The Boys Next Door* og er eftir Tom Griffin. Oddur Bjarni þýddi leikritið og var þetta Íslandsfrumsýning. Æfingar hófust fyrri partinn í janúar og frumsýnt var 25. febrúar. Alls fóru 11 leikarar með þau 13 hlutverk sem í stykkinu eru.

Sýningar gengu mjög vel og var feykilega vel tekið. Síðasta sýningin hér heima var 15. maí og hafði verkið þá alls verið sýnt 27 sinnum og áhorfendur voru orðnir 2.377. Þar með var ekki öll sagan sögð því við þökkuðum leikmyndinni saman og fórum í leikför til Mosfellsbæjar. Sýndar voru 3 sýningar 27. og 28. maí í Bæjarleik-húsinu Mosfellsbæ.

Bandalagsþingið var haldið í Stykkishólmi í byrjun maí, þangað fóru Ása Gísladóttir og Regína Sigurðardóttir. Félagsmenn fóru að þessu loknu í sumarfrí eftir 5 mánaða törn og lítil starfsemi nema þá hjá stjórn varðandi útvegum á leikstjóra og önnur venju-leg stjórnarstörf.

Í lokin er rétt að geta þess að tiltekta- og grilldagur hefur verið boðaður 24. september. Þá verður tekið til hendinni í búninga- og leikmunageynslu félagsins og í lokin verður kveikt á grillinu og mannskapurinn æstur til starfa á nýju leikári.

Ása Gísladóttir, formaður

Leikfélag Hveragerðis

Þið munið hann Jörund

höfundur Jónas Árnason, leikstjóri Ólafur Jens Sigurðsson.
Þátttakendur: 36 Sýningar: 12 Áhorfendur: 478

Skýrsla stjórnar:

Síðasti aðalfundur var haldinn 26. maí 2004. Um sumarið var unnið nokkuð að viðhaldi á Völundi, en seinni part sumars lagðist hann í rigningar og brunnum við inni með viðgerðir og málningarvinnu utan húss. Þakplötur, rennur og gluggalistar bíða þolinmóð og verður þess vonandi ekki langt að bíða að hægt verði að gera eitthvað í málunum.

Að þessu sinni vorum við með haustverkefni, leikritið um Jörund hundadaga-konung eftir Jónas Árnason. Leikstjóri var Ólafur Jens Sigurðsson. Samlestur hófst í lok hundadaga, 23. ágúst. Frumsýnt var 15. október og lokasýningin (sú 12.) var 14. nóvember. Aðsókn var þökkaleg og þetta var eins og venjulega, mikil vinna en skemmtileg.

Að venju voru jólasveinar á ferli á aðfangadag með jólapakka. Á þrettándanum höfum við undanfarin ár útvegað Ási jólasveina, en í ár var enginn tiltækur og fengu þeir því aðeins lánaða búninga.

Eftir áramót hefur verið rólegt í leikstarfsemi. Hugmyndir sem uppi voru komust ekki einu sinni á teikniborðið. En alltaf þarf eitthvað að stússast þegar maður á hús, ég tala nú ekki um gamalt hús.

Formaður félagsins til margra (alltof margra) ára hefur nú ákveðið að gefa ekki kost á sér til endurkjörs og vill af því tilefni þakka öllum samstarfsmönnum gegnum árin fyrir ánægjulegt samstarf.

Anna Jórunn Stefánsdóttir, formaður



Sambýlingar



Þið munið hann Jörund

Leikfélag Hörgdæla



Stundarfriður

Stundarfriður

höfundur Guðmundur Steinsson, leikstjóri Saga Jónsdóttir.

Þátttakendur: 9

Sýningar: 13

Áhorfendur: 600

Skýrsla stjórnar:

Leikfélag Hörgdæla hefur haft í óvenjumiklu að snúast þennan veturinn. Ekki það að mörg verkefni hafi verið sett upp í vetur heldur bara ein leiksýning sem er þó meira en vaninn er þar sem við höfum til margra ára haft það að hefð að setja upp leiksýningar annað hvert ár og áttum því að hvíla þetta árið eftir atgang Klerkanna á því síðasta. Þann 1. nóvember var aðalfundur félagsins haldinn og þá kom sú tillaga frá stjórn að breytt yrði út af vananum

og sett upp leiksýning í þeim tilgangi að freista þess að komast að á leiklistahátíð á Akureyri vorið eftir. Var þessi tillaga samþykkt og hófst þá þegar undirbúningur stjórnar við uppsetningu. Þ.e. að velja leikrit og ráða leikstjóra og svo í framhaldi af því að safna saman leikurum og starfsfólki. Gekk það ágætlega fyrir utan að manna 2 minnstu hlutverkin í leikritinu *Stundarfrið* eftir Guðmund Steinsson sem hafði orðið fyrir valinu þetta árið. En það gekk fyrir rest. Saga Jónsdóttir var ráðin sem leikstjóri 3 leikárið í röð og má segja að hún sé orðin fastráðin hjá okkur. Æfingar gengu þokkalega þó að sjaldan muni ég eftir að hafa tekið svona langan tíma í æfingar en það orsakast mest af tímaskorti leikara og veikindum. Jæja, þann 18. mars rann svo upp stóra stundin og Stundarfriður var frumsýndur á Melum. Leikritið fékk góðar viðtökur og voru flestir sem komu að sjá hana ánægðir með afraksturinn en þó fannst okkur aðsókn ekki alveg nógu góð. Sýndar voru 13 sýningar og komu 600–700 manns að sjá sýninguna. Í byrjun maí kom svo í ljós að við yrðum með á leiklistarhátíð. Af öðrum upptökum hjá leikfélaginu var svo sem ekki mikið en þó var haldin hin árlega árs hátíð nokkurra félaga í sveitarfélaginu sem leikfélagið tekur þátt í og ekki má svo gleyma lestri Passíusálma í Möðruvallakirkju á föstudaginn langa sem komin er hefð fyrir. Leikfélag Hörgdæla sendi 4 fulltrúa á haustfund Bandalags íslenskra leikfélaga á Akureyri og 1 fulltrúa á aðalfundinn í Stykkishólmi.

Fanney Valsdóttir, formaður

Leikfélag Keflavíkur

Eftirlitsmaðurinn

höfundur Nikolaj Gogol, þýðandi Sigurður Grímsson, leikstjóri Bergur Þór Ingólfsson.

Þátttakendur: 17

Sýningar: 5

Áhorfendur: 132

Hans og Gréta

höfundur Willy Kruger, þýðandi Halldór Ólafsson, leikstjóri Steinn Ármann Magnússon.

Þátttakendur: 16

Sýningar: 7

Áhorfendur: 665

Leikfélag Kópavogs

Memento mori

höfundur Hrefna Friðriksdóttir, leikstjóri Ágústa Skúladóttir.

Þátttakendur: 9

Sýningar: 14

Áhorfendur: 414

Allra kvikinda líki

höfundar og leikstjórar Guðjón P. Pálmarsson og Hrunn Ólafsdóttir.

Þátttakendur: 8

Sýningar: 8

Áhorfendur: 320

Ljóti andarunginn

höfundur sögu H.C. Andersen, leikgerð og leikstjórn Hrunn Ólafsdóttir.

Þátttakendur: 11

Sýningar: 2

Áhorfendur: 50

Skýrsla stjórnar:

3 félagsmenn sóttu námskeið í Leiklistarskóla Bandalags íslenskra leikfélaga sumarið 2004. Aðalfundur félagsins var haldinn 24. júní 2004.

Leikárið hófst snemma hjá leikfélaginu haustið 2004 eins og er reyndar að verða venjan. Ákvörðun hafði verið tekin snemma veturinn áður um uppsetningu á *Memento Mori* í samvinnu við Hugleik og hugmyndavinnuhópur sem samanstóð af formönnum félaganna, leikstjóra og höfundi hittist nokkrum sinnum og vann grunnhugmyndir að þeirri sögu sem síðar varð. Um sumarið var síðan haldin nokkurskonar leiksmíðja þar sem þeir sem áhugasamir voru um þátttöku, mættu og létu ljós sitt skína. Að lokum voru átta leikarar valdir, fjórir úr hvoru félagi.

Framhald á næstu síðu



Memento mori



Allra kvikinda líki

Æfingar á *Memento mori* hófust af fullum krafti síðari hluta september í húsnæði Hugleiks að Eyjarslóð. Var æft þar framan af æfingatímabili en síðan fluttu menn sig í Hjúleiguna enda hafði verið tekin ákvörðun um að sýna þar. Sýningin var síðar frumsýnd í lok nóvember og fékk sérlega góða gagnrýni. Voru menn á einu máli um að hér væri á ferð afar frumleg og eftirtektarverð leiksýning sem skildi mikið eftir sig hjá áhorfendum. Valnefnd Þjóðleikhússins um Athyglisverðustu áhugaleiksýningu ársins sá enda ástæðu til að minnst sérstaklega á *Memento mori* í greinargerð sinni. Sýningin var sýnd nokkrum sinnum fyrir áramót og var tekin upp að nýju eftir jólahlé.

Ekkert varð úr því að setja upp leikþætti um haustið eins og til hafði staðið. Þeir voru öðrum þræði hugsaðir til að senda á Margt smátt. Var þar aðallega um að kenna gamalkunnum drætti á að fá greiddan umsaminn rekstrarstyrk frá Kópavogsbæ. Þau mál höfðust þó að lokum og með þeim hætti að ástæða er til að ætla að héðan í frá verði ekki sama stríðið við að fá afgreiðslu þessara mála og verið hefur.

Ágústa Sigrún Ágústsdóttir tók við formannsembættinu í upphafi ársins 2005 eftir að Hörður Sigurðarson sagði af sér sem formaður. Nokkrar breytingar urðu á stjórninni í kjölfarið. Stjórnin hristist þó fljótlega saman. Haldnir hafa verið 6 stjórnarfundir og 2 rúttí-þútt/tiltektardagar.

Fyrsta verk ársins 2005 var að taka upp aftur sýningar á *Memento mori*. Sýnt var 7 sinnum á þessu ári og voru áhorfendur 188 talsins. Á síðasta ári var líka sýnt 7 sinnum og voru áhorfendur þá 226. Samtals urðu sýningarnar því 14 og heildarfjöldi áhorfenda 414. Aðsókn var heldur slakari en við var búist jafnvel þótt að sýningin hafi fengið góða kynningu í fjölmiðlum og efnistökin vakið athygli. Sótt var um fyrir athyglisverðustu áhugleiksýningu ársins í Þjóðleikhúsinu. Uppsetning og tilurð MM reyndi mikið á þátttakendur og aðstandendur sýningarinnar og ég held að óhætt sé að segja að fæðingin hafi verið nokkuð erfið. Samstarf við annað leikfélag, Hugleik að þessu sinni, var líka reynsla. Útkoman var góð og reynslan mikilvæg í sarp félagsins. *Memento mori* ætlar að fara á leiklistarhátíðina *Leikum núna!* á Akureyri.

Ný stjórn lagði áherslu á að næra innra starf félagsins og kanna áhuga félagsmanna til að leika, leikstýra o.fl. Um 12 manns gáfu kost á sér í uppsetningu einþáttunga. Þetta var að megninu til fólk sem hafði komið lítið við sögu í starfi LK, en líka fólk nýgengið í félagið ásamt farandleikurum úr öðrum leikfélögum. Hrund Ólafsdóttir, sem er félagsmaður í LK og Denni sem er líka félagi í LK og hefur auk þess líka lagst í atvinnumennsku, voru fengin til að leikstýra fólkinu en þau ákváðu fljótlega að setja upp einþáttunga-þrogrammið í sameiningu. Sýningin varð meira en klukkutími á lengd og hlaut nafnið *Allra kvikinda líki*. Á æfingatímanum saxaðist á hópinn eins og gengur, aðrir komu í staðinn og þegar upp var staðið samanstóð leikhópurinn af 6 leikurum og 2 tónlistarmönnum. Það er skemmst frá því að segja að sýningin hefur vakið mikla lukku; jafnt hjá áhorfendum og gagnrýnendum. Ákveðið hefur verið að senda sýninguna á *Leikum núna!* leiklistarhátíðina á Akureyri í júní. Þegar leikárið er á enda hefur verið sýnt 8 sinnum fyrir fullu húsi og rúmlega það.

Einnig var ákveðið að setja í gang unglínganámskeið á vorönn og var Hrund Ólafsdóttir tilbúin til að taka að sér leiðbeinanda-hlutverkið og taka þar með upp þráðinn frá því fyrir tveimur árum þegar síðast var haldið unglínganámskeið. Þátttakendur voru 11 krakkar, flest fædd 1991. Á afmælisdögum Kópavogsbæjar þann 3. maí sl. sýndu svo krakkarnir afraksturinn á tveimur sýningum. Dagskrána kölluðu þau *Unglingar og ævintýri*. Krakkarnir sýndu upphitunaræfingar, spunabætti og spunnauppfærslu af *Litla ljóta andarunganum*. Okkur fannst takast vel til og er full ástæða til að bjóða þetta unga fólk velkomið í Leikfélag Kópavogs.

Stjórnin fór að huga að afmæli félagsins sem verður 50 ára eftir tvö ár, eða 2007. Stjórn ákvað að skipa í afmælisnefnd og er hún mönnum fólk sem hefur komið við sögu félagsins á tæplega 50 ára ferli þess. Hlutverk nefndarinnar er að velta af stað hugmyndum að því hvað félagið geti gert í tilefni afmælisins og gera drög að dagskrá. Þegar nær dregur er planið að bæta við fólk í nefndina í einkonar framkvæmdanefnd.

Tekin var í notkun ný heimasíða LK. Enn liggur fyrir mikil vinna í að koma inn efni á síðuna og skipuleggja fyrirkomulag hennar. Í sumar ætla 3 nemendur á námskeið Leiklistarskóla Bandalags íslenskra leikfélaga.

Hörður Sigurðarson & Ágústa Sigrún Ágústsdóttir, maí 2005.



Ævintýrabókin

Leikfélag Mosfellssveitar

Oliver Twist

eftir Charles Dickens, þýðandi Flosi Ólafsson, leikstjóri Alexía Björg Jóhannesdóttir.

Þátttakendur: 47 Sýningar: 6 Áhorfendur: 327

Húð og hitt

höfundur Pétur R. Pétursson, leikstjóri Herdís Þorgeirsdóttir.

Þátttakendur: 5 Sýningar: 1 Áhorfendur: 130

Peysufatadagurinn

höfundur Kjartan Ragnarsson, leikstjóri Örn Árnason.

Þátttakendur: 21 Sýningar: 7 Áhorfendur: 320

Ævintýrabókin

höfundur Pétur Eggerz, leikstjóri Ingrid Jónsdóttir.

Þátttakendur: 16 Sýningar: 8 Áhorfendur: 386

Leikfélag Ólafsvíkur

Klerkar í klípu

eftir Philip King, leikstjóri Hörður Sigurðarson.

Þátttakendur: 22 Sýningar: 4

Áhorfendur: 296



Álagabærinn

Leikfélag Reyðarfjarðar

Álagabærinn

höfundur og leikstjóri Ármann Guðmundsson.

Þátttakendur: 10 Sýningar: 9 Áhorfendur: 600

Uppreisn Æru

höfundur og leikstjóri Ármann Guðmundsson.

Þátttakendur: 38 Sýningar: 4 Áhorfendur: 250

Skýrsla stjórnar:

Þetta leikár er búið að vera mjög spennandi og skemmtilegt. Við byrjuðum haustið með frumsömdu leikriti með frumsaminni tónlist og textum eftir Ármann Guðmundsson og fleiri tónlistarmenn, um „ástandið“ á Austurlandi sl. 30 ár eða biðina eftir stóriðju, sem heitir *Álagabærinn*. Vakti þetta mikla lukku og umræðu sem var mjög skemmtilegt. Svo eftir áramót vorum við í samvinnu við Grunnskóla Reyðarfjarðar og enn og aftur heiðraði Ármann Guðmundsson okkur með nærveru sinni og skrifaði fyrir okkur leikrit fyrir 8.–10. bekk grunnskólans sem heitir *Uppreisn Æru*, ásamt tónlist, og fékk það frábæra dóma svo ekki sé meira sagt. Erum við afar stolt af unglíngunum okkar sem sáu um allan leik, tónlist, söng, ljós og tæknimál, hárgreiðslu og fөрðun. Ármann Guðmundsson sá um leikstjórn í báðum leikritum. Einnig sáuum við um smá skemmtun fyrir Verkalýðsfélag Reyðarfjarðar 1. maí og smá skemmtun á opnum degi hjá Bechtel, Reyðarfirði.

Kveðja,

Hrafnhildur Grímsdóttir



Uppreisn Æru

Leikfélag Sauðárkróks

Ávaxtakarfan

höfundur Kristlaug María Sigurðardóttir, leikstjóri Jón Stefán Kristjánsson.
Þátttakendur: 22 Sýningar: 10 Áhorfendur: 800

Prek og tár

höfundur Ólafur Haukur Símonarson, leikstjóri Jón Stefán Kristjánsson.
Þátttakendur: 38 Sýningar: 12 Áhorfendur: 985

Skýrsla stjórnar:

Leikárið byrjaði á góðu sumarfríi, en um miðjan september hófust æfingar á haustverkefninu sem að þessu sinni var barna- og söngleikritið *Ávaxtakarfan* eftir Kristlaugu Maríu Sigurðardóttur. Leikstjóri var Jón Stefán Kristjánsson og tókst honum glæsilega að koma fallegum boðskap leikrítisins til skila. Frumsýnt var 31. október og urðu sýningar 10 talsins og var mjög vel sótt.

Í lok nóvember fóru nokkrir ávextir á Hofsós og sungu þar nokkur lög á uppskeruhátíð Ungmennafélagsins Neista. Rétt fyrir jól voru svo jólasveinar á ferð frá okkur á Kaffi Krók og skemmtu krökkum sem þar voru. Um miðjan febrúar fóru nokkrar leikfélagskonur á þorablót á Dvalarheimili aldraðra á Sauðárkróki og leiklásu hluta úr Saumastofunni eftir Kjartan Ragnarsson og skemmti gamla fólkið sér vel.

Í byrjun mars hófust svo æfingar á sæluvikuleikriti ársins sem að þessu sinni var *Prek og tár* eftir Ólaf Hauk Símonarson. Þar sem reynsla okkar af Jóni Stefáni síðasta haust var svo góð ákváðum við ráða hann til okkar aftur. Frumsýnt var í byrjun sæluviku 24. apríl. Gekk þetta stykki glimrandi vel, urðu sýningar 12 talsins og hafa áhorfendur ekki verið fleiri í fjöldamörg á.

Á sumardaginn fyrsta var opinn dagur í Fjölbautarskóla Norðurlands vestra og tróð leikfélagið þar upp með söngatriðum úr *Preki og tárnum*. Á hátíðahöldunum 1. maí voru svo söngatriði bæði úr *Ávaxtakörfunni* og *Preki og tárnum* og fengum við þar frábærar móttökur, kaffi og kökur. Í lok maí voru ávextirnir okkar enn á ferð á sumarhátíð í leikskólanum Glaðheimum og sungu nokkur lög.

Mikil gróska hefur verið í leikfélaginu undanfarin ár og skilar það sér greinilega bæði í fleiri áhorfendum og ekki síst í fleiri virkum leikfélagsmeðlimum, en það er einmitt fólkið sem heldur leikfélaginu gangandi. Við leikfélagsfólk getum verið stolt af vinnu vetrarins og vonandi verðum við jafnöflug á næsta leikári.

Guðbrandur J. Guðbrandsson, formaður

Leikfélag Selfoss

Náttúran kallar

eftir leikhópin og leikstjórnann Sigrúnu Sól Ólafsdóttur.
Þátttakendur: 22 Sýningar: 17 Áhorfendur: 800

Stofugangur

eftir leikhópin og leikstjórnann Katrínu Karlsdóttur.
Þátttakendur: 9 Sýningar: 1 Áhorfendur: 109



Ávaxtakarfan



Prek og tár



Náttúran kallar



Í Tívolí

Leikfélag Seyðisfjarðar

Í Tívolí

höfundar Guðjón Sigvaldason og Steingrímur Guðjónsson, leikstjóri Guðjón Sigvaldason.

Pátttakendur: 147

Sýningar: 8

Áhorfendur: 280



Makalaus sambúð

Leikfélag Vestmannaeyja

Dýrin í Hálsaskógi

höfundur Thorbjörn Egner, þýðendur Hulda Valtýsdóttir og Kristján frá Djúpalæk, leikstjóri Pröstur Guðbjartsson.

Pátttakendur: 40

Sýningar: 9

Áhorfendur: 929

Makalaus sambúð

höfundur Neal Simon, þýðing og leikstjórn Ásgeir Sigurvaldason.

Pátttakendur: 1415

Sýningar: 9

Áhorfendur: 653

Tyrkjaránið 1627

höfundur Sigurgeir Jónsson, leikstjóri Andrés Sigurvinsson.

Pátttakendur: 7

Sýningar: 20

Áhorfendur: 170

Kyrrláta eyjan

höfundar og leikstjórar Ólafur Guðmundsson og Katerina Ström.

Pátttakendur: 24

Sýningar: 1

Áhorfendur: 40

Karíus og Baktus

höfundur Thorbjörn Egner, þýðandi Hulda Valtýsdóttir, leikstjórn Andrés Sigurvinsson og leikhópurinn.

Pátttakendur: 16

Sýningar: 5

Áhorfendur: 320

Skýrsla stjórnar:

Leikárið 2004 og 2005 hefur verið viðburðaríkt ár í sögu LV. Ný stjórn tók við störfum á aðalfundi seinasta vor. Breytingar voru gerðar á lögum leikfélagsins þar sem stjórnarmeðlimir fóru úr 7 í 5, 2 varamenn voru valdir í stað tveggja meðstjórnenda. Hjalti Tómasson tók við störfum sem formaður, varaformaður hélt sínum stól, Erla Ásmundsdóttir kom ný inn sem ritari, gjaldkeri hélt sínum stól og Kristín Halldórsdóttir varð meðstjórnandi. Varamenn voru Hjálmar Brynjúlfsson og Vilhjálmur Bergsteinnsson. Fleiri urðu breytingar ekki það árið.

Við hófum leikárið í maí með æfingum og uppfærslu á leikritinu *Karíus og Baktus*. Leikstjórn var mest í höndum leikara en við fengum dygga aðstoð frá Andrésí Sigurvinssyni. Sýningar voru ekki margar en frumsýnt var 5. júní og sýndar voru þrjár sýningar þá um vorið. Vegna mikillar aðsóknar voru sýningar teknar upp aftur síðastliðið haust og voru þá sýndar tvær sýningar.

Nýtt íslenskt leikverk eftir Sigurgeir Jónsson, *Tyrkjaránið 1627*, var frumsýnt 6. júní í Dalabúinu. Um var að ræða samvinnuverkefni Þórðar Svanssonar listamanns og Leikfélags Vestmannaeyja. Þrjú meðlimir L.V. leiklásu og sá Þórður um leikmynd. Andrés Sigurvinsson leikstýrði. Sýningar gengu vel og hver veit nema við höldum starfinu áfram næstu sumur.

Noregsverkefnið *Stille oy* eða *Kyrrláta eyjan*, sem hófst sumarið 2002, var tekið upp að nýju hér í Vestmannaeyjum síðastliðið sumar. Hingað til eyja komu tíu manns frá Noregi og tveir strákar frá Færeyjum. Pátttakendur okkar í þessu verkefni voru níu og auk þess var Ásta Steinunn Ástpórsdóttir framkvæmdarstjóri þessa verkefnis. Leikstjórnarnir Ólafur Guðmundsson og Katerine Ström sáu um uppfærslu á spunaverkefni sem unnið var út frá hugrenningum leikhópsins á tímabilinu.

Leikfélagið sá um skemmtiatriði 17. júní þar sem ýmsar þekktar persónur úr ævintýraheiminum komu fram. Auk þess hafði þjóðhátíðarnefnd samband við okkur vegna barnadagskrár á Þjóðhátíð 2004. Þar komum við fram laugardag og sunnudag með ýmis skemmtiatriði sem unnin voru úr leikritinu *Allt í plati* eftir Pröst Guðbjartsson. Þetta vakti gífurlega lukku og vonumst við til að halda þessu samstarfi áfram í sumar. Hápunktur sumarsins var þó þegar Leikfélagi Vestmannaeyja var boðin pátttaka á Menningarnótt í Reykjavík þar sem Vestmannaeyjabær var heiðursbæjarfélag. Við fengum aðstoðu í Ráðhúsi Reykjavíkur og sýndum þar stuttan barnaleikþátt og leiklestur úr *Tyrkjaráninu*. Ekki væri slæmt að fá svona tilboð aftur. Ha, ha.

Framhald á næstu síðu

Snúum okkur þá að hefðbundinni dagskrá leikfélagsins. Í september hófum við leiklistarnámskeið undir stjórn nýráðsins leikstjóra Prastar Guðbjartssonar. Þátttaka var gríðarlega góð en um 100 leiklistarunnendur frá 10 ára aldri sóttu þetta námskeið og sló það öll met. Undirbúningur að næsta leikriti, *Dýrunum í Hálsaskógi*, hófst með þessu námskeiði en því miður gátu ekki allir tekið þátt en vonumst við til að þessir áhugasömu einstaklingar taki þátt í framtíðarstarfi leikhússins. Frumsýning var laugardaginn 6. nóvember. Aðsókn var mjög góð og voru sýningar 9 talsins.

Eftir áramót þótti nauðsynlegt að kalla saman aðalfund þar sem 2 stjórnarmeðlimir sögðu upp störfum og varamenn sáu sér ekki fært að koma inn. Hjalti Tómasson sagði af sér sem formaður og tók Ásta Steinunn sæti hans. Erla Ásmundsdóttir tók stöðu varaformanns og enn hélt gjaldkeri sínu sæti. Kristín Halldórsdóttir sagði einnig af sér störfum. Haraldur Ari Karlsson kom inn sem ritari og Páll Magnús Guðjónsson kom inn sem meðstjórnandi. Þessi stjórn ákvað að sitja fram að næsta aðalfundi.

Um miðjan janúar fengum við til liðs við okkur leikstjóra að nafni Ásgeir Sigurvaldason og var ætlunin að setja upp leikritið *Láttu ekki deigan síga, Guðmundur* í samstarfi við F.Í.V. Líkt og áður hófst undirbúningur leikritsins á leiklistarnámskeiði sem Ásgeir hélt fyrir 16 ára og eldri. Námskeiðið var ágætlega sótt en ekki nógu vel til að geta sett upp þetta leikrit þar sem vantaði þá karlmenn sem voru tilbúnir að stíga á svið. Kom Ásgeir með þá góðu hugmynd að setja á svið kvenútgáfu af leikritinu *The Odd couple* eftir Neil Simon. Þetta var ákveðið og tók Ásgeir að sér þýðingu á verkinu auk þess að leikstýra. Leikritið hlaut nafnið *Makalaus sambúð*. Um var að ræða Íslandsfrumsýningu og vakti sýningin mikla lukku. Frumsýnt var 13. mars og voru sýndar 9 sýningar. Sýningum lauk fyrir fullu húsi.

Leikfélag Vestmannaeyja og Vestmannaeyjabær hafa gert með sér samning þess efnis að leikfélagið sjái um dagskrá á 17. júní, Goslokahátíð og jólasveinaskemmtun þegar tendruð eru ljós á jólatrénu á Baldurshagatúni. Af því leiðir að nú í sumar verður mikið að gera hjá okkur og vonumst við eftir að áhugasamir aðilar sjái sér fært að vinna með okkur líkt og undanfarin ár. Einnig hefur Sjómannadagsráð haft samband við okkur og komum við til með að vera með skemmtidagskrá í tengslum við þá hátíð. Ýmsar hugmyndir eru uppi um samstarf við önnur leikhús en ekki hefur verið gengið frá þeim málum í þessum töluðu orðum og verður sagt nánar frá þeim síðar.

Búið er að ráða leikstjórn Jón Inga Hilmarsson fyrir næsta vetur og ákveðið hefur verið að setja upp barna- og fjölskylduleikritið *Skilaboðaskjóðuna*. Mikið verður því að gera hjá okkur og spennandi leikár framundan.

Leikfélagið Grímnir

Fiðlarinn á þakinu

höfundur Joseph Stein, þýðandi Egill Bjarnason, leikstjóri Ingunn Jensdóttir.
Þátttakendur: 64 Sýningar: 10 Áhorfendur: 760

Grandferð með Eyjarún

höfundur Símon Már Sturluson leikstjóri Hafsteinn Sigurðsson.
Þátttakendur: 22 Sýningar: 1 Áhorfendur: 276

Skýrsla stjórnar:

Aðalfundur var haldinn 24. maí 2004 og gaf aðalstjórn kost á sér til áframhaldandi stjórnasetu en inn í varastjórn kom Aldís Sigurðardóttir. Er stjórnin því svona skipuð þetta starfsár:

Halldóra B. Ragnarsdóttir, formaður
Jón Svanur Pétursson, varaformaður
Ingveldur Eypórsdóttir, gjaldkeri
Margrét Ásgeirsdóttir, ritari
Þórður S. Magnússon, meðstjórnandi
Erna Björg Guðmundsdóttir, varamaður
Aldís Sigurðardóttir, varamaður



Fiðlarinn á þakinu

Stjórnin hélt alls 13 formlega fundi á leikárinu og einn félagsfund. Fyrsti fundur var haldinn 6. september 2004. Fyrsta verkefni leikársins var skemmtidagskrá á 17. júní þar sem sungin voru nokkur lög úr *Lukuriddaranum*.

Mikið hefur verið að gera hjá okkur þetta leikár. Á fyrsta stjórnarfundinum var ákveðið að hafa samband við Ingunni Jensdóttur og fá hana til að leikstýra okkur á komandi leikári. Nefndi hún *Fiðlarinn á þakinu*, voru allir spenntir fyrir því og ákveðið var að finna því verki faraveg. Í framhaldi af því héldum við fund með fulltrúum úr kór Stykkishólmskirkju, kór tónlistaskólans og tónlistarkennurum. Voru allir mjög jákvæðir og var því ákveðið að hefjast handa. Fóru Halldóra og Margrét til fundar við hótlestjórnann, hefur hann sýnt einstakan velvilja í okkar garð þar sem við höfum fengið að vera þar endurgjaldslaust allan þenna tíma og þeir verið einstaklega þolinmóðir við okkur með þennan stóra hóp. Eiga þeir þakkar skildar fyrir en þetta er ekki neinn smá stuðningur við okkar starfsemi. Var auglýst eftir fólki og gekk það svona upp og niður eins og gengur. Ingunn kom hér fyrst í október og var á áætlun að frumsýna í nóvember. En ákveðið var að tíminn væri of naumur og var þá stefnt að frumsýningu 12.

mars 2005 svo við hefðum nægan tíma eftir þorablót. Æfingar á Fiðlaranum byrjuðu svo 20. janúar og var þá búið að manna í flest hlutverk. Enn vantaði töluvert í kórinn en allt smá þetta nú saman að lokum og voru það í allt 64 sem komu að þessari uppsetningu sem er ótrúlegur fjöldi á ekki stærri stað en Stykkishólmur er, Einnig má geta þess að yngsti leikarinn var 9 ára en elsti 74 ára svo auðvelt var að setja sig inn í litla þorpið Anatevka. Frumsýningu var frestað til 17. mars og voru sýningarnar 10 og alls sáu verkið 770 manns. Fengum við mjög góða dóma alls staðar.

Jón Svanur sá um skemmtidagskrá á jólahlaðborði 4. desember f.h. Grímnis fyrir Hótel Stykkishólm og var það eina sem við hjá leikfélaginu þurftum að leggja til vegna húsnæðisnotkunar en eins og áður sagði hafa eigendur hótelsins verið einstakir.

Við hjá Grímnis unnum í samstarfi við þorablótsnefndina að þorrafagnaði sem bar yfirskriftina Grandferð með Eyjarún. Eru þetta allt frumsamin skemmtiatriði þar sem efniviður er samborgarnir og gert er góðlátlegt grín að atburðum sem stóðu upp úr á síðasta ári. Frumsýnt var 29. janúar 2005 og var einungis ein sýning. Sýningin tók alls 90 mín. með kynningu nefndar og leikþættinum sjálfum. Þar sem um samstarfsverkefni leikfélagsins og nefndarinnar (sem flestir eru félagsmenn hjá okkur) var að ræða skilum við sér fjárhagsyfirliti.

Leikfélagið Grímnis sá um skemmtun fyrir verkalyðsfélögin á Snæfellsnesi og vorum við með hálf tíma skemmtun í Ólafsvík, Grundarfirði og í Stykkishólmi, tókst það með ágætum.

Bandalagsþing íslenskra leikfélaga var haldið hér í Stykkishólmi helgina 6.–8. maí 2005. Var þátttaka frekar dræm á þingið. Byrjuðu þingfulltrúar á því að sjá sýningu á *Fiðlaranum á þakinu*, eftir það var svo opið hús í félagshúsi Grímnis og var þar vel mætt. Voru svo fundarhöld allan laugardaginn. Þrjú félagar frá okkur sátu þingið. Um kvöldið fjölmenntu svo leikarar og makar þeirra úr Fiðlaranum á hátíðarkvöldverðinn. Þótti þingið hafa tekist vel.

Þann 20. maí sl. var svo haldið lokahóf þar sem leikarar og annað starfsfólk í Fiðlaranum gerði sér glaðan dag á Hótelinu.

Halldóra B. Ragnarsdóttir, formaður
Ingveldur Eypórsdóttir, gjaldkeri

Leikfélagið Hallvarður súgandi

N.Ö.R.D.

höfundur Larry Shue, þýðandi Gísli Rúnar Jónsson, leikstjóri Ármann Guðmundsson.

Þátttakendur: 21

Sýningar: 3

Áhorfendur: 198

Leikfélagið Sýnir

Stútungasaga

höfundar Ármann Guðmundsson, Hjördís Hjartardóttir, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason, leikstjóri Guðjón Þorsteinn Pálmarsson.

Þátttakendur: 23

Sýningar: 8

Áhorfendur: 450

Skýrsla stjórnar:

Þegar leikárið hófst þann 1. júní var undirbúningur sumarstarfsins kominn á skrið. Æfingar voru hafnar á leikritinu *Stútungasögu* eftir Ármann Guðmundsson, Hjördís Hjartardóttir, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason. Guðjón Þorsteinn Pálmarsson, öðru nafni Denni, hafði verið ráðinn sem leikstjóri og sett var upp undir beru lofti eins og

vanalega hjá Sýnum, að þessu sinni í Fjölskyldulundinum í Heiðmörk, rétt utan Reykjavíkur. Æft var í hópum, og fengum við góðfúslega lánuð afnot af Hjáleigunni, húsnæði Leikfélags Kópavogs fyrst í stað. Síðan var farið í Heiðmörk og æft af kappi í þrjár vikur og frumsýnt í blíðviðri þann 24. júlí. Sýndar voru í allt 8 sýningar, þar af ein í Hánefsstaðareit í Svarfaðardal í tengslum við Fiskidaginn mikla á Dalvík, aðra helgina í ágúst. Einnig tók leikfélagið að sér að vera með götuleikhús á Fiskidagshátíðahöldunum og tókst það með sóma.

Aðalfundur félagsins var haldinn 2. október. Þar var kosin ný stjórn: Hrund Ólafsdóttir formaður, Lilja Nótt Þórarinsdóttir ritari og varaformaður sat áfram sitt annað ár, Guðrún Lára Pálmadóttir gjaldkeri og varamenn Huld Óskarsdóttir og Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson. Hann gekk úr aðalstjórn sem formaður og Hildur Kristmundsdóttir gekk út úr stjórn sem gjaldkeri.

Æfingar höfðu hafist í september á leikþættinum *Bið í garði* eftir Árna Hjartarson í leikstjórn Hrundar Ólafsdóttur og sótt var um að koma þættinum að á stuttverkahátíðinni Mörgu smáu í Borgarleikhúsinu. Þátturinn hlaut ekki náð fyrir augum valnefndar og æfingar urðu ekki fleiri þó að langt hefði verið farið. Ákveðið að eiga þáttinn til góða.

Framhald á næstu síðu



Stútungasaga

Beiðni hafði borist félaginu frá formanni leiklistarhátiðarnefndar um að félagið tæki að sér svokallað jaðargötuleikhús og hátíðarprógram og var brugðist vel við því á aðalfundi. Veturinn var svo notaður í undirbúning og fóru námskeið af stað í mars og apríl. Ólöf Ingólfssdóttir danslistakona var fengin til að kenna götudans; Halldóra Geirharósdóttir og Bergur Þór Ingólfsson voru fengin til að kenna trúðum samkvæmt sinni einstöku aðferð. Gísli Björn Heimisson og Stefán Benedikt Vilhelmsson sem báðir eru félagsmenn tóku að sér að kenna leikhússport (Gísli) og fjöllistir ýmsar (Stefán).

Um það bil tólf manns, sóttu námskeiðin og verður kjarni hópanna fjögurra á leiklistarhátínni Leikum núna á Akureyri 2005. Einnig mun félagið fara og skemmta á Fiskideginum mikla á Dalvík í ágúst og jafnvel víðar um land á hátíðum. Þá er tilgangi félagsins náð: að spretta upp úr umhverfinu og koma fólki á óvart með leiklist undir beru lofti ásamt því að vera farandleikhópur í tjöldum þar sem öll fjölskyldan getur komið með.

Hrund Ólafsdóttir, formaður

Leikhópurinn Lopi

Grænjaxlar

höfundur Pétur Gunnarsson, leikstjóri Magnús J. Magnússon.

Þátttakendur: 35

Sýningar: 3

Áhorfendur: 220

Skýrsla stjórnar:

Starfsemi Leikhópsins Lopa var með hefðbundnum hætti þetta leikárið. Starfsemin hófst í september með fundi. Á fundinn mættu 43 áhugasamir einstaklingar og var strax hafist handa við haustverkefnið. Til æfinga var tekið verkefnið *Grænjaxlar* eftir Pétur Gunnarsson. Stífar æfingar voru og var verkefnið frumsýnt 6. febrúar 2005 og urðu sýningar 3 talsins. Um 35 aðilar tóku þátt í sýningu verksins. Sýningar voru í Mánagarði og var samvinna Lopa við Leikfélag Hornafjarðar afar góð. Til gamans læt ég fylgja hér með verkefnaskrá Lopa 1993–2005:

	<i>Leikrit</i>	<i>Höfundur</i>
1993	Skólalíf	Magnús J. Magnússon
1994	Úti er ævintýri	Magnús J. Magnússon
1994	Þetta er allt vitleysa Snjólfur	Guðjón Sigvaldason
1995	Umskiptin	Magnús J. Magnússon
1996	Svipmyndir	Magnús J. Magnússon
1997	Óvitar	Guðrún Helgadóttir
1998	Grenið	Magnús J. Magnússon
1999	Veitingahúsið	Magnús J. Magnússon
2000	Þú ert í blóma lífsins, fíflíð þitt	Davíð Þór og Leikfélag Hafnarfjarðar
2001	Blekkingin	Magnús J. Magnússon
2002	Verðbólgan	Magnús J. Magnússon
2002	Miðheimar	Magnús J. Magnússon
2003	Mysingssamloka með sveppum	Leikfélag Hafnarfjarðar
2003	Þetta er allt vitleysa Snjólfur	Guðjón Sigvaldason
2004	Allt í Plati	Þróstur Guðbjartsson
2005	Grænjaxlar	Pétur Gunnarsson

Magnús J. Magnússon, formaður

Leikklúbburinn Saga

Davíð Oddsson – súperstar

höfundar Jón Páll Eyjólfsson og leikhópurinn, leikstjóri Jón Páll Eyjólfsson.

Þátttakendur: 6

Sýningar: 8

Áhorfendur: 120

Skýrsla stjórnar:

Leikárið 2004–2005 hóf Leikklúbburinn Saga starf sitt með leiklistarnámskeiði sem haldið var dagana 4.–15. október undir leikstjórn Skúla Gautasonar. Þátttakendur á námskeiðinu voru 10 manns á aldrinum 14–21 árs. Á námskeiðinu var farið í helstu tækni spunaleiklistar, raddbeitingar og leikhúsvinnu.

Langt tímabil fór í skipulagningu vetrarins og framtíðar Sögu. Saga stefnir á að gera starf sitt umfangsmeira í samstarfi við Akureyrarbæ, félagið komst í fundarhúsnæði og áætlað var að setja upp verkið *Bang bang you are dead*, sem var í þýðingu, undir leikstjórn Skúla Gautasonar.



Davíð Oddsson – súperstar

Leikklúbburinn sá um leikviðburð á jólatrésölu í Gróðrarstöðinni í Kjarnaskógi þann 5. desember og tóku um 10 manns þátt í leiknum. Voru gömlu íslensku jólasveinarnir og allt það hyski tekið til fyrirmyndar í leiknum og heppnaðist vel. Viðtökur voru mjög góðar og stóð leikurinn í klukkutíma.

Eftir jólahátíðina tók Saga að sér það verkefni að leika á prettándaðlegi íþróttafélagsins Þórs. Fyrir valinu varð að setja upp *Hví brosir snjókarlinn*. Leikritið var uppfærsla af barnasögunni *Hvorfor smiler snemanden*, í leikgerð Leikklúbbsins Sögu. Í sýningunni tóku 8 manns þátt. Leikendur voru: Guðbjörn Jónsson, Auðunn Snæbjörnsson, Elín Heiðarsdóttir, Kristjana Stefánsdóttir, Birgitta Halldórsdóttir, Vala Stefánsdóttir, Ingimar Davíðsson og Heiðrún Harðardóttir.

Leikklúbburinn sýndi annan leikþátt, sem var saminn af tvem meðlimum hópsins á Félagakvöldi Gilfélagsins. Leikþátturinn hét *Stríðsmenn eða hvað það nú heitir*, og voru leikendur Anton Magnússon, Katla Aðalsteinsdóttir og Ragna Gestsdóttir. Næstu vikurnar fór að verða ljóst að uppfærsla á leikritinu *Bang dauður* var ekki möguleg að þessu sinni. Hætt var við þær áætlanir og Jón Páll Eyjólfsson gekk til liðs við leikhópinn. Ákveðið var að hópurinn myndi sjálfur búa til sína sýningu. Þá hófst spunavinnan. Margir komu að þeirri grunnvinnu sem átti sér stað, en að endingu voru leikarar verksins 6 og einn tæknimaður ásamt leikstjóra. Lítill og kröftugur hópur. Úr varð sýningin *Davíð Oddsson – súperstar*. Leikhópurinn fékk lítið geymsluhúsnæði við hlið Hússins og gekk í það að gera það sýningarhæft. Mikil vinna var lögð í að búa til þá aðstöðu sem klúbburinn hefur nú til umráða og kallast Útihúsið. *Davíð Oddsson – súperstar* er háþólitísk ádeila á íslenskt samfélag, efnishyggju, stríð, innflytjendur, Alþingi, fjölmiðla og margt fleira. Leikstjórinn lofar leikhúsgestum upplifun ólíkri öllu því sem fólk á að venjast, og sýnir hópurinn óvenju mikla dirfsku og dug til þess að vekja athygli á því sem allir aðrir einbeita sér að því að fela og notast er við nýstárlegar leikhúskenningar Jóns Páls. Sýningin hefur vakið mikla athygli, meðal almennings jafnt sem stjórnmalamanna. Leikendur: Elín María Heiðarsdóttir, Katla Aðalsteinsdóttir, Ragna Gestsdóttir, Sindri H. Þórarinsson, Sunna Björk Ragnarsdóttir, Vala Stefánsdóttir.

Samhliða því að búa til verkið (DOS) þá gerði klúbburinn fjölda stuttþátta sem sýndir voru á sjónvarpsstöðinni Aksjón. Voru þetta grínþættir sem unnir voru af meðlimum Sögu, bæði leikarar og tæknimenn sem sáu um vinnslu. Leikendur: Anton S. Magnússon, Elín M. Heiðarsdóttir, Gunnar M. Gunnarsson, Katla Aðalsteinsdóttir, Ingimar B. Davíðsson, Ragna Gestsdóttir, Sindri H. Þórarinsson, Sunna B. Ragnarsdóttir og Vala Stefánsdóttir.

Leikklúbburinn Saga hélt einnig til Finnlands með Akureyrarbæ dagana 26. júní til 4. júlí. Þar var unnið að ýmsu leiklistarstarfi s.s. götuleikhúsi, dansi og leikriti. Allt var þetta gert með krökkum frá hinum Norðurlöndunum. Sú ferð heppnaðist vel í alla staði og allir voru ánægðir með sín verk.

Þegar lítið er yfir leikárið er ljóst að um þrjátíu ungmenni hafa komið að starfi Sögu á einhvern hátt, auk fjölda fólks sem aðstoðaði okkur í vetur. Þetta hefur því verið nokkuð viðburðarríkt leikár hjá Sögu og tókst allt vel.

Ragna Gestsdóttir, formaður

Leikklúbburinn Spuni, Luxembourg

Ópera

eftir leikhópinn og leikstjóran Steinunni Knútsdóttur.

Þátttakendur: 31 Sýningar: 5 Áhorfendur: 550

Skýrsla stjórnar:

Verkefni þessa leikárs, sem er frá október til október, eru búin að vera tvö. Við byrjuðum starfsárið á Draugaballi fyrir börnin 20. nóvember 2004. Það tókst með miklum ágætum og mættu 64 manns. Veigar og meðlæti voru til sölu og happdrætti fylgdi hverjum seldum aðgöngumiðla og voru flestir vinningarnir gefnir af velvildarmönnum.

Næsta og langstærsta verkefni ársins var svo undirbúningur að sýningunni *Ópera* sem sýnd var, eins og vera ber, á þorrablóti Félags Íslendinga í Lúxemborg. Leikstýra verksins var Steinunn Knútsdóttir og tónlistarstjóri Pálmi Sigurhjártarson.

Undirbúningur handrits hófst á haustdögum með vikulegum samningarfundum sem urðu svo fleiri þegar nær dró komu leikstjóra. Þremur vikum fyrir sýningu var svo hafist handa með miklum móð, marga tíma í senn á hverjum degi... með smá hléum á milli. 15 manna hópur stóð á sviði að þessu sinni, en þá eru ótaldir aðstoðarmenn.

Sýningar voru þrjár og aðal-sýningin var 29. janúar 2005. Uppsetning verksins var talsvert óhefðbundin, leikið var á tveimur sviðum samtímis og einnig úti sal meðal áhorfenda. Mældist þetta vel fyrir og í mörg horn að líta fyrir áhorfendur, en örlítið flóknara fyrir kvikmyndatökumann að fylgja þessum hreyfingum eftir.

Spuni er í hvíld þar til tekur að hausta en þá byrjum við aftur að nýju.

Bryndís Björk Kristjánsdóttir, formaðu.

Leiklistarfélag Seltjarnarness

Blessað barnalán

höfundur Kjartan Ragnarsson, leikstjóri Bjarni Ingvarsson.

Pátttakendur: 19 Sýningar: 5 Áhorfendur: 230

Galdrakarlinn í OZ – hluti

höfundar L. Frank Baum, leikgerð John Harrysson, þýðendur Hulda Valtýsdóttir og Kristján frá Djúpalæk, leikstjóri Grétar Guðmundsson.

Pátttakendur: 5 Sýningar: 1

Skýrsla stjórnar:

Stjórn Leiklistarfélags Seltjarnarness 2005:

Formaður: Jóhanna Ástvaldsdóttir

Meðstjórnendur: Páll Price, Sigrún Halla Gísladóttir, Monika Abendroth og Erna Stefánsdóttir.

Varamenn í stjórn: Guðrún Ágústsdóttir og Arnbjörg Gunnlaugsdóttir.

Félagið er nú að ljúka sínu 7. starfsári.

Síðasta leikár var, eins og fyrri leikár, öflugt hjá okkur.

Við hófum leikárið 17. júní 2004 með uppsetningu á kafla úr Galdrakarlinum í Oz. Um þá uppsetningu sáu Jóhanna og Grétar og fengu með sér nokkra stráka af Nesinu. Þetta var mjög skemmtilegt og höfðu drengirnir gaman af.

Ég hef aðeins verið að íhuga hvort það ætti kannski að vera fastur liður að fá yngri kynslóðina til að taka þátt í uppsetningum á 17. júní, og þegar við verðum rík, að fá leikstjórn inn í undirbúninginn. Þetta er að mínu mati kjörið tækifæri til að gefa þeim yngri tækifæri til að spreyta sig.

Í janúar 2005 auglýstum við námskeið og eins og áður fengum við fullt af nýju og góðu fólki. Námskeið í upphafi árs er að verða fastur liður í leikárinu okkar. Undir frábærri handleiðslu Bjarna Ingvarssonar lærum við margt skemmtilegt og fróðlegt sem undirbýr okkur undir stóra drauminn, að standa á sviðinu. Þessi námskeið hafa verið þáttakendum að kostnaðarlausu og vildi ég gjarnan að við gætum haldið fast við það á næsta ári. Það er ekki spurning í mínum huga að við höldum fleiri námskeið. Þetta er góð leið til að fá nýtt fólk í hópinn og hita upp fyrir uppsetningu vetrarins.

Í námskeiðslok hófum við síðan umræðu um hvaða leikstykki ætti að setja upp, eftir nokkrar vangaveltur stakk Bjarni upp á verkinu *Blessað barnalán* eftir Kjartan Ragnarsson. Hafist var handa við að manna hlutverkin og þó að um tíma liti út fyrir að það gengi ekki upp, þá „hefst þetta alltaf“ góði íslenski hugsunarhátturinn. Eftir nokkur krise-samtöl við Bjarna og vangaveltur þá hafðist þetta að sjálfsögðu, það gerir það alltaf.

Skemmst er frá því að segja að öll hlutverk voru mönnum frábærum leikurum sem bara pössuðu hver í sitt hlutverk eins og það væri skrifað fyrir þá.

Það er mikil vinna að taka þátt í uppsetningu leikrits, það krefst ýmissa fórna. Það vitum við sem að þessu stöndum, en þetta er svo gefandi fyrir manns eigið egó þegar upp er staðið. Allar löngu, og stundum erfiðu, æfingarnar gleymast þegar komið er að frumsýningu. Þá leggjum við barnið okkar í dóm áhorfenda og tökum stolt á móti klappinu og hrósinu. Þetta gætum við hjá Leiklistarfélagi Seltjarnarness ekki án leikstjórans okkar, Bjarna Ingvarssonar, sem nú hefur verið okkar herra og meistari síðastliðin 2 leikár. Það hefur verið frábært að vinna með Bjarna. Honum tekst að mínu mati ótrúlega vel að halda utan um okkur og fá það besta fram í hverjum og einum.

Það hafa nú verið 3 sýningar hjá okkur og 2 verða um miðjan júní. Vona ég að hópurnir sé tilbúinn til að taka þráðinn í haust og hafa nokkrar sýningar. Það eru allt of fáir búnir að sjá þetta frábæra og skemmtilega leikrit.

Ég vona að þið hafið öll lesið gagnrýnina sem Þorgeir skrifaði í Morgunblaðið, að mínu mati góð gagnrýni.

Seltjarnarnesbær hefur veitt okkur stuðning í ár eins og undanfarin ár og eru menn þar ánægðir með frammistöðu okkar.

Ég vil hér með þakka öllum fyrir samveruna og frábært leikár og vonast til að sjá alla aftir er við hefjumst handa í haust, hress og úthvöld eftir sumarið.

Og svo er bara að segja öllum hvað við erum frábær og skemmtileg og fá fleiri með á næsta ári. Það er fullt af hlutverkum, bæði á sviði og baksviðs, eitthvað fyrir alla að taka þátt í. Okkur vantar fólk sem hefur áhuga á því að sauma, smíða, mála, tölvufólk í auglýsingar- og bæklingagerð ofl. ofl.

Jóhanna Ástvaldsdóttir, formaður



Blessað barnalán

Reykvíska listaleikhúsið



Krádplíser

Krádplíser

höfundur Jón Atli Jónasson, leikstjóri Ólafur Egill Egilsson.

Pátttakendur: 11

Sýningar: 7

Áhorfendur: 98

Skagaleikflokkurinn



Járnhausinn

Dauðans alvara

höfundur Gunnar Sturla Hverararson, leikstjórar Gunnar Sturla

Hverararson og Guðbjörg Árnadóttir.

Pátttakendur: 3

Sýningar: 4

Áhorfendur: 35

Járnhausinn

höfundar Jónas og Jón Múli Árnasynir, leikstjóri Helga Braga Jónsdóttir.

Pátttakendur: 50

Sýningar: 8

Áhorfendur: 620

Skýrsla stjórnar:

Fyrir ári síðan á aðalfundi var kosin ný stjórn og var hún þannig skipuð: Steingrímur Guðjónson formaður, Steinunn Björnsdóttir varaformaður, Guðbjörg Árnadóttir gjaldkeri, Bjarni Gunnarsson ritari, Ásthildur Ragnarsdóttir meðstjórnandi (kosinn meðstjórnandi kom aldrei til starfa af persónulegum ástæðum) og Þórdís Ingibjartsdóttir og Þór Bínó Friðriksson í varastjórn. Skagaleikflokkurinn varð 30 ára og ýmislegt gert í tilefni þess.

Írskir dagar eru að verða fastir liðir í sumarstarfi Skagaleikflokksins.

Götuleikhúshópur var í samvinnu við Vinnuskólann og þetta árið kom til liðs við okkur Kanadamaður (Snorrastyrkþegi), góður fiðluleikari og þjálfaði hann götuleikhópinn í söng. Stultþjálfun og trúðaleikur fór fram undir stjórn eldri félaga.

Gunnar Sturla Hverararson hefur starfað með Skagaleikflokknum undanfarin ár og í tilefni afmælisins samdi hann einleik með tónlist sem hann frumflutti á Breiðinni með dyggri aðstoð félaga sinna. Verkið hlaut nafnið *Dauðans alvara*. Þrjú fyrrum formenn Skagaleikflokksins fluttu *Komið og farið*, örverk eftir Samuel Beckett.

Formaður og gjaldkeri kynntu Skagaleikflokkinn í Íþróttahúsi v/Vesturgötu þar sem félög og klúbbar kynntu starfsemi sína, var þeim eitthvað ágengt í sálnaverðum þar.

30 ára afmælisýning.

Eftir ýmsar vangaveltur var ákveðið að taka *Járnhausinn* eftir þá bræður Jónas og Jón Múla Árnasyni en Skagaleikflokkurinn var stofnaður upp úr sýningum á þessu verki vorið 1974. Helga Braga Jónsdóttir var ráðin leikstjóri, Flosi Einarsson stjórnaði 4 manna hljómsveit, útsetningum og söngæfingum og Jóhanna Árnadóttir sá um dansatriði. Varð þetta hin veglegasta sýning og góð skemmtan og má nefna að á frumsýninguna komu margir þeirra er tóku þátt í *Járnhausnum* 1974.

Veglegt afmælisblað kom út í tengslum við frumsýninguna og var borið í öll hús á Akranesi. Þar er á einum stað samantekinn mikill fróðleikur um Skagaleikflokkinn í formi viðtala og greina, ásamt fullt af myndum.

Einhverjir jólasveinar voru um jólaföstudna á vegum Skagaleikflokks bæði við að hjálpa til að kveikja á jólatrénu frá Tönder og víðar.

Eftir áramót voru tveir hópar starfandi og hittust einu sinni til tvisvar í viku.

Það var leikhópur sem las nokkur verk og æfði síðan og sýndi einþáttunginn *Niðurskurður í beinni*, hinn hópurinn æfði trúðaleik og sýndi stutt atriði við sama tækifæri.

Tekin var saman ítarleg félagaskrá. Urðu félagsmenn að skrifa undir með eigin hendi á umsóknir og greina frá reynslu og áhugasviði, sem ætti að auðvelda leikstjórum, þegar finna þarf rétta fólkið.

Margir stjórnarfundir voru haldnir á árinu og nokkrir félagsfundir.

Húsnefnd var starfandi og sá hún um útleigu og umhirðu á húsnæðinu.

Bæði húsnefnd og einstakir aðilar lögðu hönd á plóg við að laga húsnæðið til eftir okkar þörfum og einnig höfum við fjárfest í húsgögnum og tækjum. Þess má geta að haft var samband við Kramhúsið í Reykjavík með samstarf í huga og var vel tekið í það frá þeirra hálfu en ekki tókst að koma því á.

Fyrir hönd stjórnar, Guðbjörg Árnadóttir

Snúður og Snælda, Reykjavík**Ástandið**

höfundar Sigrún Valbergsdóttir og Brynhildur Olgeirsdóttir, leikstjóri Bjarni Ingvarsson.

Þátttakendur: 18

Sýningar: 12

Áhorfendur: 611

Sólheimaleikhúsið, Grímsnesi**Ævintýri Pumalínu**

höfundur H.C. Andersen, þýðandi Steingrímur Thorsteinsson, leikstjóri Ása Hlín Svavarsdóttir.

Þátttakendur: 35

Sýningar: 11

Áhorfendur: 1.300

Skýrsla stjórnar:

Leiksmiðja Sólheima fór af stað á haustdögum svo nógur tími gæfist til að undirbúa næsta leikverk sem Sólheimaleikhúsið tæki fyrir. Sólheimar eiga 75 ára afmæli í ár og því var krafa frá stjórn Sólheima að sett yrði upp gott verk og vel til þess vandað. Þetta var einnig gott fyrir leikstjórnann Ásu Hlín Svavarsdóttur sem hafði áhuga á að kynnast leikurunum og sjá yfir hvaða hæfileikum þeir búa. Leiksmiðjan var flestar helgar í október og nóvember og hófst á nýjan leik í janúar. Eftir nokkrar vangaveltur var ákveðið að setja upp ævintýrið um Pumalínu eftir H.C. Andersen, því það er fallegt verk og hentar þessum hópi vel.

Einn af annmörkum leikaranna sem að verkinu koma er að margir eiga mjög erfitt með að læra texta og því leikgerði Ása Hlín verkið með það í huga, og hafði hún hæfileika hvers og eins að leiðarljósi. Til þess að allur texti kæmist til skila var ákveðið að taka upp allt tal karaktera. Þetta gefur einnig jafna stílaferð á sýninguna og gefur fleiri tækifærum á að spreyta sig í hinum ýmsu hlutverkum. Í leiksmiðjunni var einnig mikið unnið með hljóðspuna. Tilgangur þessara hljóðspuna eða hljóðeffekta í sýningunni er að búa til myndir á sviðinu, sem skapar opnari upplifun fyrir áhorfendur því nánast allt verður mögulegt, fólk sér fyrir sér rennandi á, skóg, jarðgöng og fleira sem á daga Pumalínu drífur. Það má því flokka sýninguna undir það sem á erlendri tungu er kallað „ensemble“ sýning, þ.e.a.s. leikhópurinn kemur saman á sviðinu og skapar sýninguna. Leikmynd, hljóðmynd, effektar og að sjálfsgöðu leikurinn er innifalinn í sköpun leikaranna á sviðinu.

Leikhópurinn byggist upp á kór, sögumönnum og Pumalínu. Sögumönnum, sem eru fjórir, er ætlað að leiða verkið og er tal þeirra það eina sem ekki er tekið upp og leikið af bandi. Úr kórnum stíga svo leikararnir fram til skiptis og leika persónur þær sem í verkinu koma fyrir. Það fá því allir tækifæri á að spreyta sig. Ein undantekning er frá þessu, það er að Pumalína er leikin af sömu manneskju alla sýninguna. Þegar leikarar stíga úr kórnum til að leika í senum fá þeir karaktergrímur og allt tal er leikið af bandi.

Samstarf var við RÚV um hljóðsetningu á texta og hljóðeffektum. Í febrúar kom hljóðmaður frá RÚV á Sólheima og tók upp alla hljóðeffekta. Í mars fór leikhópurinn niður í útvarp og var allt tal karaktera tekið upp í hljóðveri RÚV. Allt er þetta leikið í sýningunni í samræmi við innkomur sögumanna.

Leikbúningar og grímur voru allar búnar til á Sólheimum. Afsteypur voru teknar af andlitum allra í sýningunni og í framhaldi voru búnar til þær karaktergrímur sem hver og einn þarfnaðist. Ljós og hljóð voru sett upp af tæknimönnum en heimamenn á Sólheimum hafa stjórnað tækjunum á sýningum.

Frumssýning var á verkinu sumardaginn fyrsta 21. apríl. Sýningar eru áætlaðar 10 og verða þær út júní. Þar að auki var hátíðarsýning, 2. júní, á Stóra sviði Borgarleikhússins vegna 75 ára afmælis Sólheima.



Ævintýri Pumalínu



Pú veist hvernig þetta er

Stúdentaleikhúsið, Reykjavík

Pú veist hvernig þetta er

eftir leikhópurinn og leikstjórn Jón Pál Eyjólfsson.

Þátttakendur: 18

Sýningar: 22

Áhorfendur: 642

Tilbrigði við sjófugl

eftir Anton Tsjekhov, leikgerð og leikstjórn Edda Björg Eyjólfsdóttir og Marta Nordal.

Þátttakendur: 18

Sýningar: 6

Áhorfendur: 161

Skýrsla stjórnar:

Leikárið 2004–2005 var merkilegt í sögu Stúdentaleikhússins fyrir margra hluta sakir.

Vinna leikársins hófst í ágúst 2004 þegar hópur leikara hitti Jón Pál Eyjólfsson. Hópurinn, í samráði við Jón Pál, ákvað að breyta út af vananum og vinna leiksýningu haustsins alfarið í spunavinnu. Vinnan í ágúst einkenndist af spunaæfingum og „flash-mob“ verkefnum. Í september hófst vinna vetrarins fyrir alvöru með hópnum og nýjum félögum. Spunavinnan gaf af sér sýninguna *Pú veist hvernig þetta er*. Sýningin varð að hárrætti þjóðfélagsádeilu með það að leiðarljósi að allt mætti segja í leikhúsi.

Í Tónlistarþróunarmiðstöðinni voru sýndar 14 sýningar í nóvember og desember og 5 sýningar í febrúar. *Pú veist hvernig þetta er* hlaut einróma lof gagnrýnenda og áhorfenda. Hópurinn uppskar sem hann sáði til og var sýningin valin Athyglisverðasta áhugaleiksýning ársins undir lok leikársins. Sýningarnar á stóra sviði Þjóðleikhússins urðu þrjár og uppselt á þær allar. Jón Páll Eyjólfsson var einnig tilnefndur til menningarverðlauna DV fyrir leikstjórn verksins.

Eftir áramót var ákveðið að fara allt aðrar leiðir en um haustið. Á vegi stjórnar Stúdentaleikhússins urðu tvær smávaxnar leikkonur með stórar hugmyndir, Edda Björg Eyjólfsdóttir og Marta Nordal. Þar með var brotið blað í sögu leikhússins, því í fyrsta sinn síðan Stúdentaleikhúsið var endurvakið haustið 2000 var kona ráðin leikstjóri. Það var því ekki nóg að ráða eina heldur var ákveðið að slá til og prófa vinnu með tveimur leikstjórum. 20 mars 2005 frumsýndi leikhópurinn *Tilbrigði við sjófugl*. Leikritið var unnið af leikstjórunum, og Karli Ágústi Þorbergssyni, upp úr verkum Antons Tsjekhovs, með *Máfinn* sem grunnbeinagrind. Persónurnar úr *Máfinum* blönduðust persónum úr öðrum verkum Tsjekhovs, auk þess sem þrjár systur litu við í sveitinni hjá Konstantín Treblev og félögum í *Máfinum*.

Eftir frumsýningu lenti hópurinn þó í hremmingum sem gerðu tveggja vikna hlé á sýningum. Stúdentaleikhúsið, í samvinnu við Danny Pollock og félagi í Tónlistarþróunarmiðstöðinni, notaði þessar tvær vikur til að bæta brunavarnir í húsinu. Eftir þetta hlé voru svo sýndar 6 sýningar á verkinu.

Stúdentaleikhúsið hafði þetta árið aðstöðu í skapandi andrúmslofti í Tónlistarþróunarmiðstöðinni. Þar eru æfingarými og tónleikasalur og, eftir árið, leikhús. Leikhúsið í Tónlistarþróunarmiðstöðinni var að mestu leyti unnið af Stúdentaleikhúsinu í sjálfböðavinnu og er aðstaða þar öll hin besta til fjölbreytts leiklistarstarfs. Fráfarandi stjórn Stúdentaleikhússins er að vonum ánægð með leikárið og vinnuna sem unnin hefur verið. Stúdentaleikhúsið með nýrri og metnaðarfullri stjórn stefnir án efa að áhugaverðu leikári með nýjum og spennandi verkefnum.

Hinrik Þór Svavarsson, formaður

Umf. Íslendingur, Borgarfirði

Blái hnötturinn

höfundur Andri Snær Magnason, leikstjóri Björn Gunnlaugsson.

Þátttakendur: 18

Sýningar: 22

Áhorfendur: 642

Skýrsla stjórnar:

Leiknefnd Umf. Íslendinga, skipuð Auði Arnþórsdóttur, Elísabetu Axelsdóttur og Jóni Einarssyni, kom saman síðla sumars og réði ráðum sínum. Við skoðuðum leikrit af ýmsu tagi. Fljótlega ákváðum við að fyrir valinu yrði barnaleikrit. Nokkur stykki voru skoðuð en á endanum varð fyrir valinu *Blái hnötturinn* eftir Andra Snæ Magnason. Þá var næsta skref að ráða leikstjóra. Nokkru síðar vorum við búin að ráða mann sunnan úr Reykjavíkurbhreppi, Björn Gunnlaugsson að nafni. Vel gekk að manna verkið en alls voru 11 leikarar sem þrýddu fjalirnar í Brún.

Framhald á næstu síðu

Sýningin var gríðarlega flókin og tæknilega fullkomin sem sést best á því að um 25 manns komu að sýningunni á einn eða annan hátt fyrir utan leikara. Í stuttu máli sagt var þetta langtæknilegasta og flóknasta sýning sem Umf. Íslendingur hefur ráðist í til þessa.

Leikarar flugu um loftin í litla félagsheimilinu okkar og einnig þurfti að framkalla rigningu í miðri sýningu, svo dæmi séu tekin. Allt gekk þetta eftir með sameiginlegu átaki tæknifólks og sviðsmanna. Frumsýnt var föstudaginn 19. nóvember 2004 eftir 7 vikna æfingatörn.

Sýningar urðu 9 og gengu vel, að sjálfsögðu hefðum við viljað að fleiri hefðu haft tækifæri til að sjá þessa frábæru sýningu. Ég vil nota tækifærið og hvetja alla til að fara að sjá sýningar áhugaleikhópanna á svæðinu, því þar er metnaðarfullt starf og yfirleitt góðar sýningar á ferð sem enginn ætti að láta framhjá sér fara.

Við stóðum einnig fyrir kvöldskemmtun í haust, svokallaðri Ædolkeppni sem haldin var í Brún, Bæjarsveit, 22. október, annað árið í röð. Fjöldi keppenda tók þátt og söng sig inn í hugi og hjórtu áhorfenda sem troðfylltu félagsheimilið. Ekki ætla ég að fara nánar út í fyrirkomulag keppinnar en skemmst er frá því að segja að sigurvegarinn var Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson, Bakkakoti. Skemmtun þessi nýtur sívaxandi vinsælda og vonandi getur orðið framhald á. Öllum sem lagt hafa hönd á plóginn þessari vinnu kunnum við bestu þakkir.

F.h. leiknefndar, Jón Einarsson

Umf. Reykdæla, Borgarfirði

Lög frá liðinni tíð

Allar nánari upplýsingar vantar.

Myndir úr sýningum leikársins



Leikfélag Reyðarfjarðar, Álagabærinn



Leikfélag Hafnarfjarðar, Að sjá til þín maður



Freyvangsleikhúsið, Taktu lagið Lóa



Skagaleikflokkurinn, Járnhausinn



Leikfélag Vestmannaeyja, Makalaus sambúð



Leikfélag Mosfellssveitar, Ævintýrabókin

Tréhausinn 2005

Hrund Ólafsdóttir og Þorgeir Tryggvason veita þessa eftirsóttu viðurkenningu í þriðja sinn, nú fyrir leikárið 2004–2005

Tréhaus Þorgeirs:

Í ár dugar ekkert minna en tvíhöfði til að verðlauna það sem vel var gert í áhugaleikhúsinu á Íslandi. Við Hrund Ólafsdóttir skiptum verkum bróður- og systurlega þannig að til að fá heildarmynd af afrekum vetrarins ákváðum við að veita hvort sinn Tréhaus. Ég undanskil mitt eigið félag, Hugleik. Helstu verðlaunaflokkar eru samskonar en að öðru leyti hafði hvort um sig frjálsar hendur.



Þorgeir Tryggvason

Sýning ársins

Þú veist hvernig þetta er Stúdentaleikhúsið

Fyrir utan það að vera frábær skemmtun og vel unnin á öllum póstum leiklistarlega séð þá er þessi sýning stórtíðindi í leikhúslífinu fyrir að vera það sem hún er: myndin og flugbeitt pólitísk revía sem virkar – nokkuð sem maður átti ekki von á að nokkuð íslenskt leikhús væri fært um að skapa.

Aðrar góðar: Sambýlingar Leikfélags Húsavíkur og Allra kvikinda líki hjá Leikfélagi Kópavogs.

Leikstjóri ársins

Jón Páll Eyjólfsson

Þú veist hvernig þetta er – Stúdentaleikhúsið Davíð Oddsson, Súperstar – Leikklúbburinn Saga

Jón Páll er maður ársins í íslensku leikhúsi – áhuga jafnt sem atvinnu – fyrir þessar tímamótasýningar. Nú er bara að sjá hvað hann gerir næst.

Þar fyrir utan á Oddur Bjarni Þorkelsson hrós skilið fyrir vinnu

sína með Sambýlinga og Þorleifur Arnarsson fyrir að koma stórvirknu Rígnum á fjalirnar hjá VMA og LMA.

Nýtt handrit ársins

Álagabærinn

Ármann Guðmundsson fyrir Leikfélag Reyðarfjarðar

Skemmtilega unnið með eldfimt efni, fullt af finum hugmyndum og sérstaklega gaman að þeim metnaði leikfélagsins að ráðast í verkefni af þessu tagi.

Að vanda verður þessi liður hálf snautlegur þegar Hugleikur er skilinn útundan, en þó verður að geta bráðgóðrar frumraunar Hrafnkels Stefánssonar og Nóa Kristinssonar fyrir leikfélag Borgarholtsskóla, Bannað að sofa hjá Maríu Mey. Þeir ynnu líka í flokknum „besta leikritanafnið“ ef hann væri í boði.

Leikari í aðalhlutverki

Kristján Halldórsson

Jack í Sambýlingum hjá Leikfélagi Húsavíkur

Það er skítt að þurfa að gera upp á milli aðalleikara Sambýlinganna en að lokum ákvað ég að senda tréhausinn á Kristján, sem sýndi frábæran hófstílltan leik meðan félagar hans glönsuðu í sínum þakklátu stjórnurullum. Alveg óaðfinnanlega gert.

Ekki það að Sigurður Illugason, Þorkell Björnsson og Gunnar Jóhannesson hafi ekki verið æðislegir líka í Sambýlingum. Og svo má ekki gleyma sjarmatröllinu Tryggva Gunnarssyni sem Tevye mjólkurpóstur í Stykkishólmi. Hvað þá Sigursteini Sigurbergssyni í Allra kvikinda líki.

Leikkona í aðalhlutverki

Margrét Ásgeirsdóttir

Golda í Fiðlaranum á þakinu hjá Leikfélaginu Grímní

Margrét gerði Goldu firnagóð skil, hörð í horn að taka en hlý undir skrápnum sem er ómissandi í lífsbaráttu af þessu tagi. Glæsilegt.

Fleiri góðar: Fanney Ólafsdóttir sem Ólöf í Stútungasögu hjá ungmennafélögnum í Flóanum, Íris Árný Magnúsdóttir og Erla Dan Jónsdóttir í Náttúran kallar hjá Leikfélagi Selfoss og

María Gunnarsdóttir og Guðrún Halla Jónsdóttir í Taktu lagið Lóa í Freyvangi.

Leikari í aukahlutverki

Bjarni Töframaður

Leikfélagi Kópavogs – Allra kvikinda líki

Magnaður performer með flotta kómiska tækni og nærveru á við heilan karlakór. Mikill hvalreki fyrir Leikfélag Kópavogs.

Og svo hinir: Guðmundur Ingi Halldórsson sem Þorvaldur í Rígnum hjá MA/VMA, Eyjólfur Gíslason sem Ronní í Welcome to the Jungle hjá Versló, Sigurgeir Hilmar Friðþjófs-son sem Noregskóngur í Stútungasögu hjá Sýnum og í Flóanum og síðast en hreint ekki síst Gunnar Gunnarsson sem Firs í Kirsuberjagarðinum hjá Halaleikhópnum.

Leikkona í aukahlutverki

Guðný Þorgeirsdóttir

Sheila í Sambýlingum Leikfélags Húsavíkur

Ástarsaga ársins á sviðinu var að sjálfsgöðu samdráttur hinnar síbernsku Sheilu og fitubollunnar Normans. Enn ein nostur-samleg og hlý mannlýsing í þessari yndislegu sýningu.

Stútungasaga er kjörlendi fyrir leikkonur í aukahlutverkum. Huld Óskarsdóttir og Laufey Einarsdóttir voru til að mynda frábærar Jódísir hvor í sinni uppfærslu. Vigdís Másdóttir og Þorbjörg Dýrfjörð áttu líka eftirminnilegar senur í Þú veist hvernig þetta er.

Umgjörð ársins

Þú veist hvernig þetta er

Stúdentaleikhúsið

Rýmið, lýsingin, lúkkið og síðast en ekki síst föðurlöndin áttu stóran þátt í áhrifunum. Frumlegt, einfalt og í hárréttu samhengi við viðfangsefnið.

Þrjár raunsæislegar leikmyndir vöktu hrifningu mína fyrir vandaða vinnu, Eftirlitsmaðurinn hjá Leikfélagi Keflavíkur, Sambýlingar á Húsavík og Blessað Barnalán hjá Leiklistarfélagi Seltjarnarness. Svo fær Leikfélag Selfoss sérstakt hrós fyrir tjaldborgina í Náttúran kallar.

Hljóðmynd ársins

Baldur og Snæbjörn Ragnarssynir

Allra kvikinda líki hjá Leikfélagi Kópavogs

Óborganlegir textar og hressileg lög þeirra Innvortisbræðra áttu sinn þátt í að gera sýninguna að hláturbombu ársins. Söngurinn skólabarnanna um að þau séu of ung fyrir kynfræðslu ætti að fara umsvifalaust á söngskrá allra leikskóla landsins. Eða ekki.

Að öðru leyti voru Stúdentaleikhúsmenn góðir í mússík, svo og íbúar Álagabæjarins. Þá var kórsöngur menntskælinga í Rígnum hreinræktuð snilld.

Sérstök úthaldsverðlaun

Leikfélag Hafnarfjarðar

Hið fornfræga félag vígði nýja húsnæðið sitt með einhverri fífldjörfustu vetrardagskrá sem um getur. Fimm erlend verk, flest nýklassísk, öll frekar hörð undir tönn, og margir leikstjóranna á eða við byrjunarreit í þeirri íþrótt. Ekki sá ég þær allar en margt virðist hafa lukkast stórvel fyrir utan hvað þetta mun skila félaginu miklu í reynslubankann.

Það sem ég sá:

Að sjá til þín maður – Leikfélag Hafnarfjarðar

Álagabærinn – Leikfélag Reyðarfjarðar

Allra kvikinda líki – Leikfélag Kópavogs

Bannað að sofa hjá Maríu mey – Agon, leikfélag Borgarholtsskóla

Blessað barnalán – Leiklistarfélag Seltjarnarness

Davið Oddsson – súperstar – Leikklúbburinn Saga

Dýrin í Hálsaskógi – Leikfélag Vestmannaeyja

Eftirlitsmaðurinn – Leikfélag Keflavíkur

Fiðlarinn á þakinu – Leikfélagið Grímnir

Frænka Charleys – Leikfélag Hólmavíkur

Hamskiptin – Leikfélag Hafnarfjarðar

Kirsuberjagarðurinn – Halaleikhópurinn

Kominn til að sjá og sigra – Thalía, leikfélag Menntaskólans við Sund

Makalaus sambúð – Leikfélag Vestmannaeyja

Margt smátt – stuttverkahátíð

Náttúran kallar – Leikfélag Selfoss

Rígurinn – LMA og VMA

Sambýlingar – Leikfélag Húsavíkur

Stræti – Pýramus og Píspa


Stútungasaga – Leikfélagið Sýnir

Stútungasaga – Ungmennafélagin Baldur, Samhygð og Vaka

Taktu lagið Lóa – Freyvangsleikhúsið

Þú veist hvernig þetta er – Stúdentaleikhúsið

Welcome to the Jungle – Nemendamót Verzlunarskóla Íslands



Jón Páll Eyjólfsson er leikstjóri ársins að mati Þorgeirs

Tréhaus Hrundar:

Leiksyningar sem ég skrifaði gagnrýni um fyrir Morgunblaðið á síðastliðnu leikári voru 37 talsins. Auk þess sá ég 6 sýningar sem einnig verða lagðar undir Tréhausinn. Sjálf kom ég að tveimur sýningum til viðbótar og er því vanhæf til þess að dæma þær.



Hrund Ólafsdóttir

Besta leiksyning

*Pú veist hvernig þetta er
Stúdentaleikhúsið
Leikstjóri: Jón Páll Eyjólfsson*

Sýning Jóns Páls og Stúdentaleikhússins er ágeng og beitt. Hún er unnin af hugrekki og ólgandi krafti þar sem sést að hver einasti leikari í stórum hópnum fer fram af þörf til þess að sýna og segja frá því hvernig er að lifa í samfélagi okkar. Jón Páll vinnur markvisst með samfélagslega sýn og notar til þess þau meðul sem þarf. Aðall sýningarinnar er þó ekki síst hvernig hópurinn vinnur sem einn maður, hvort sem um er að ræða hópatriði eða atriði þar sem stakar persónur eru sýndar. Einlægnin snerti mig líka mikið, í þau þrjú skipti sem ég horfði á sýninguna, en misreyndir leikararnir áttu auðvelt með marga skala persónusköpunar.

Aðrar sýningar sem komu til greina sem besta leiksyning voru Memento Mori í leikstjórn Ágústu Skúladóttur hjá Hugleik og Leikfélagi Kópavogs; Stundarfriður hjá Leikfélagi Hörgdæla, leikstýrt af Sögu Jónsdóttur; Ávaxtakarfan og Þrek og tár hjá Leikfélagi Sauðárkróks en báðum leikstýrði Jón Stefán Kristjánsson; Patataz hjá Hugleik sem Bergur Þór Ingólfsson leikstýrði; Dýrðlegt fjöldasjálfsmorð hjá Leikfélaginu Landsleik, einnig leikstýrt af Bergi Þór; Dýragarðssaga hjá Leikfélagi Hafnarfjarðar sem leikstýrt var af Halldóri Magnússyni; Davíð

Oddsson Súperstar hjá Leikklúbbnum Sögu í leikstjórn sama Jóns Páls og svo auðvitað Náttúran kallar hjá Leikfélagi Selfoss í leikstjórn Sigrúnar Sólar Ólafsdóttur.

Besta leikstjórn

*Ágústa Skúladóttir
Memento Mori – Hugleikur og Leikfélag Kópavogs*

Ágústa Skúladóttir er einfaldlega snillingur í að vinna sýningar þar sem leikhópurinn vinnur sem ein manneskja að því að segja sögu eða sögur og þar sem líkamar leikaranna eru notaðir á allan hugsanlegan máta til að tákna ólíklegustu hluti, aðstæður, dýr, andrúmsloft og hvað eina. Ég fékk alltaf gæsaþúfu, í öll fjögur skiptin sem ég sá Memento Mori, yfir samhæfingu og samstillingu leikaranna sem þó sýndu einnig, hver og einn, hve færir þeir eru í einstaklingsleik.

Aðrir leikstjórar sem nálgast Ágústu eru þessir: Jón Páll Eyjólfsson fyrir Pú veist hvernig þetta er og Davíð Oddsson Súperstar; Saga Jónsdóttir fyrir Stundarfrið; Jón Stefán Kristjánsson fyrir Ávaxtakörfuna og Þrek og tár; Halldór Magnússon fyrir Dýragarðssögu; Björk Jakobsdóttir fyrir Múlan Rús; Helga Vala Helgadóttir fyrir Glæsibær vs. Mjóddin; Bergur Þór Ingólfsson fyrir Patataz og Dýrðlegt fjölda-sjálfsmorð; Oddur Bjarni Þorkelsson fyrir Sambýlinga, Guðjón Sigvaldason fyrir Bugsy Malone og svo auðvitað Sigrún Sól Ólafsdóttir fyrir Náttúruna sem kallaði á Selfossi.

Besta leikkona í aðalhlutverki

*Júlía Hannam
Patataz – Hugleikur*

Ég hef aldrei séð Júlíu Hannam leika jafn vel og móðurina í Patataz og hef ég þó séð hana leika mörg hlutverk og það prýðilega. Júlía hvíldi einstaklega vel í hlutverki sínu og sýndi áhorfendum undirtexta verksins í heild sinni, hún birti heilt líf biturrar konu og lokaðrar en sýndi jafnframt á þann absúrda hátt sem verkið bauð upp á hvernig fólk leikur hlutverk sín í nokkuð firrtu samfélagi.

Aðrar leikkonur sem voru eftirminnilegar í aðalhlutverki voru þessar: Hulda B. Hákonardóttir í Enginn með Steindóri; Íris Magnúsdóttir í Náttúran kallar; Fanney Valsdóttir í Stundarfriði; Dagbjört Elva Jóhannesdóttir í Þreki og tárnum og Ávaxtakörfunni; og Sigurlaug Vordís Eysteinsdóttir í Þreki og tárnum.

Besti leikari í aðalhlutverki

*Sigurður Illugason
Sambýlingar – Leikfélag Húsavíkur*

Það var mögnuð upplifun að sjá Sigurð Illugason breytast í

hinn geðfatlaða Arnold, órólegan og smámunasaman, kíminn og sérvitran. Hann kom gæsaþúðinni kirfilega af stað hjá mér og það er auðvelt að framkalla hana þegar ég rifja upp hvernig Sigurður birti líf Arnolds með því að vera fullkomlega til staðar í smæstu atriðum, vera heill og sannur í leikhópnum og vekja stöðugt djúpa samúð með þessari persónu sem á allt undir því að hlutirnir séu í föstum skorðum.

Aðrir karleikarar sem slógu í gegn í aðalhlutverki: Tryggvi Haraldsson í Stundarfriði og Albert Sölvi Óskarsson í Þreki og tárur.

Besta leikkona í aukahlutverki

Huld Óskarsdóttir
Memento Mori – Hugleikur og Leikfélag Kópavogs

Huld Óskarsdóttir er náttúrulega ein af okkar bestu leikurum en sem barnslega konan í Memento Mori slær hún allt út. Það er að vissu leyti rangt að taka einn leikara út í sýningunni þar sem hún byggir á hópnum. Hins vegar er leitun að leikurum sem eru svo vakandi og tilbúnir í hverri taug, hverjum vöðva og hverri heilafurmu en svo er um Huld. Einlægninni er viðbrugðið sem og líkamsbeitingunni og þokkanum.

Hér kemur svo langur listi af konum í svokölluðum aukahlutverkum: María Gunnarsdóttir í Taktu lagið Lóa; Júlía Hannam í Enginn með Steindóri; Lilja Nótt Þórarinsdóttir í Patataz; Íris Baldvinsdóttir í Þreki og tárur; Vigdís María Hermansdóttir í Stundarfriði; Ingibjörg Sólveig Halldórsdóttir í Góðverkin kalla; Sóley Bergmann Kjartansdóttir í Járnhausnum og Erla Björk Sigmundsdóttir í Ævintýrum Pumalínu.

Besti leikari í aukahlutverki

Gunnar Björn Guðmundsson
Leikfélag Hafnarfjarðar – Dýragarðssaga

Í hlutverki Peters í hinu marguppsetta verki Edwards Albee sló Gunnar Björn Guðmundsson í gegn. Hann hvíldi ákaflega vel í hlutverki hins ofur venjulega heimilisföður og fyrirvinnu sem á sínar föstu stundir með góða bók í almenningsgarðinum. Viðbrögð hans og trúgirni gagnvart Jerry og sársauki hans í lokin yfir atburðunum voru svo vel unnin að leitun er að öðru eins.

Aðrir karleikarar sem léku aukahlutverkin sín svokölluðu einkar vel voru: Einar Þór Einarsson í Enginn með Steindóri; Ívar Björnsson í Stundarfriði; Garðar Geir Sigurgeirsson í Járnhausnum; Guðmundur Erlingsson í Patataz; Gunnsteinn Sigurðsson í Klerkum í klípu; og Jóhannes G. Sigurðsson í Múlan Rús.

Nýtt handrit

Björn Margeir Sigurjónsson
Hugleikur – Patataz

Verkið er vel skrifað og spennandi, það hefur þetta framvindu, er alvarlegt og ögrandi, tekur á viðkvæmum samfélagsmálum og samtölin eru lipur og lifandi. Þó að farið væri of bratt inn í dramatísk átök og uppgjör og þau dregin heldur á langinn sýnir Björn Margeir hér að hann er mjög efnilegt leikskáld.

Ný þýðing

Pórunn Gréta Sigurðardóttir
Leikfélag Hafnarfjarðar – Dýragarðssaga

Leikritið er lipurlega þýtt hjá Pórunni Grétu og málið fallegt og eðlilegt.

Besta leikmynd

Gunnar Björn Guðmundsson
Leikfélag Hafnarfjarðar – Dýragarðssaga

Ótal þræðir í grænum og gulrauðum tónum sem tákna eiga skóg, tré, garð eða þá vegginn sem lokar úti hættulegan heim eru með því frumlegasta og fallegasta sem ég hef séð í leikmynd að ótöldum einfaldleikanum sem fólst í því að hafa aðeins tvo bekki innan þráðanna á svörtu gólfinu.

Aðrir leikmyndahönnuðir sem höfðu áhrif á mig voru þessir: Þórarinn Blöndal með Stundarfriði; Jón Páll Eyjólfsson með Þú veist hvernig þetta er; Sigrún Sól Ólafsdóttir með Náttúruna; Jón Stefán Kristjánsson og félagar með Þrek og tár og Ávaxtakörfuna; Björn Gunnlaugsson og félagar með Bláa hnöttinn.

Bestu búningar

Hrefna Friðriksdóttir
Hugleikur og Leikfélag Kópavogs – Memento Mori

Búningar Hrefnu voru fallegir og náttúrulegir, tímalausir og mjúkir; nútímalegir og gamaldags í senn og alveg í stíl við efnistöð hennar sem höfundur verksins.

Búningahönnuðir aðrir sem efni er í: Sigrún Sól Ólafsdóttir með Náttúruna; nemendur FG með Múlan Rús og Jón Páll Eyjólfsson með Þú veist hvernig þetta er og Davíð Oddsson Súperstar.

Besta lýsing

Kjartan Þórisson
Leikfélag Hafnarfjarðar – Dýragarðssaga

Lýsing Kjartans lék einstaklega vel um þræði Gunnars Björns og Halldórs Magnússonar leikstjóra, lokuð en óræð, falleg en dularfull.

Aðrir lýsingameistarar: Guðbrandur Ægir Ásbjörnsson í Þreki og tárur; Magnús Helgi Kristjánsson í Múlan Rús; Eyjólfur Hjálmsón og félagar í Bláa hnettinum.

Besta tónlist

Björn Thorarensen
Memento Mori – Hugleikur og Leikfélag Kópavogs

Það var krassandi hvernig sönglög sem spunnin voru af hópnum, frumsamin tónlist Björns, þekkt lög og önnur minna þekkt mynduðu tón- og hljóðmynd sem samræmdest svo vel aðferðum Ágústu leikstjóra við að segja sögu.

Sterk upplifun var einnig að hlusta á firna vel unna stúdíótón-list Halls Ingólfssonar í nemendasýningu FG á Múlan Rús.

Fyndnasta leiksýningin

Klerkar í klípu

Leikfélag Ólafsvíkur

Leikstjóri: Hörður Sigurðarson

Þetta leikrit er svo svakalega fyndið þegar leikstjórnin er vönduð og svo var raunin nú þó að Hörður og Ólafsvíkingar komist ekki með tærnar þar sem Saga og Hörgdælir höfðu fyndnu hælana sína í fyrra.

Spunaleikrit Sigrúnar Sólar og Selfyssinganna var líka mjög fyndið með allan sinn neðanbeltis- og aulahumor en líka af því að stungið var á mörgum þekktum kylum.

Frumlegasta nýting á rými

Stúdentaléikhúsið

Pú veist hvernig þetta er

Leikstjóri og hönnuður leikmynda:

Jón Páll Eyjólfsson

Það var eitthvað brjálæðislega krassandi við rýmisleikhúsið á Grandanum þar sem áhorfendur þurftu að standa og snúast í allar áttir í myrki og stundum bleytu og saggalykt. Líka í Útihúsinu þeirra í Sögu á Akureyri.

Efnilegasti leikarinn

Vigdís María Hermannsdóttir

Stundarfriður – Leikfélag Hörgdæla

Vigdís María er mjög minnisstæð sem unglingurinn Guðrún í Stundarfriði, henni tókst að hvíla fallega í sorg, einmanaleika, kæruleysi, tillitsleysi og þrá eftir væntumþykju en allt þetta er svo kunnuglegt í unglingum. Þar sem hún er aðeins fjórtán ára er merkilegt hvað hún var afslöppuð á sviðinu.

Félagi Vigdísar, Ívar Björnsson sem lék Árna bróður Guðrúnar í sama leikriti, er líka efnilegur ungur leikari og svo er einnig um Albert Sölva Óskarsson sem lék Davíð í Preki og tárur.

Sýningar sem ég gagnrýndi:

Fúría Kvennaskólans – Í þágu þjóðarinnar

Herranótt MR – Að eilífu

Hugleikur – Enginn með Steindóri

Hugleikur – Patataz

Hugleikur – Þetta mánaðarlega, sex þættir

LFMH – Martröð á jólanótt

Leikfélag Dalvíkur – Kvenfélagið

Leikfélag Fljótshéraðs – Bussy Malone

Leikfélag Hafnarfjarðar – Beisk tár Petru Von Kant

Leikfélag Hafnarfjarðar – Birdy

Leikfélag Hafnarfjarðar – Dýrargarðssaga

Leikfélag Hofsóss – Góðverkin kalla

Leikfélag Hornafjarðar o.fl. – Súperstar

Leikfélag Hörgdæla – Stundarfriður

Leikfélag Hveragerðis – Þið munið hann Jörund

Leikfélag Keflavíkur – Hans og Gréta

Leikfélag MÍ – Þar sem djöflaeyjan rís

Leikfélag Mosfellssveitar – Peysufatadagurinn

Leikfélag Mosfellssveitar – Ævintýrabókin

Leikfélag NFSu – Músagildran

Leikfélag Ólafsvíkur – Klerkar í klípu

Leikfélag Seyðisfjarðar – Í Tívoli

Leikfélag Sauðárkróks – Ávaxtakarfan

Leikfélag Sauðárkróks – Prek og tár

Leikfélagið Gunnar Ármúla – Glæsibær vs. Mjóddin

Leikfélagið Hallvarður Súgandi – N.Ö.R.D.

Leikfélagið Landsleikur – Dýrðlegt fjöldasjálfsmorð

Nemendafélag FG – Múlan Rús

Sauðkindin í MK – Kaffi Kash

Skagaleikflokkurinn – Járnhausinn

Snúður og Snælda – Ástandið

Sólheimaleikhúsið – Ævintýri Pumalínu

Stúdentaléikhúsið – Tilbrigði við sjófugl

Stúdentaléikhúsið – Pú veist hvernig þetta er

UMF Baldur, Vaka og Samhygð – Stútungasaga

Ungmennafélagið Íslendingur – Blái hnötturinn

Vox Arena FS – Er tilgangur

Auk þeirra sá ég:

Freyvangsleikhúsið – Taktu lagið Lóa

Hugleikur og Leikfélag Kópavogs – Memento Mori

Leikfélag Hafnarfjarðar – Að sjá til þín maður

Leikfélag Húsavíkur – Sambýlingar

Leikfélag Selfoss – Náttúran kallar

Leikklúbburinn Saga – Davíð Oddsson – súperstar

Kom sjálf að þessum sýningum:

Leikfélagið Sýnir – Stútungasaga

Leikfélag Kópavogs – Allra kvikinda líki



Ágústa Skúladóttir var leikstjóri ársins að mati Hrundar

NEATA-hátíð í Eistlandi

Við lítið stöðuvatn í suðurhluta Eistlands stendur bærinn Viljandi. Öllum Íslendingum sem þangað koma er jafnóhjákvæmilegt að gantast með nafn bæjarins og þeim sem til Færeyja koma er að taka alla syrpu um bert starfsfólk og gilda limi. Hér eftir verður ekki meira fjallað um nafn bæjarins Viljandi í þessu riti.

Hins vegar tók þessi ágæti bær á móti stórum hópi áhugaleikara í ágúst 2004, þegar þar var haldin leiklistarhátíð NEATA, Norður-Evrópska áhugaleikhús-sambandsins. Þangað kom einnig Hugleikur niður frá Íslandi, ásamt leikstjóra sínum Ágústu Skúladóttur. Hugleik hafði verið boðið á hátíðina með sýningu sína á leikritinu *Undir hamrinum* eftir Hildi Þórðardóttur.

Vel var tekið á móti hópnum og hann ferjaður á heimavistarskóla í Vana-Vöidu, rétt fyrir utan bæinn. Í þessum skóla gistu flestallir þátttakendur á hátíðinni, og varð þar mikið um samskipti og -neyti milli leikhúsfólks af ýmsu þjóðerni.

Aðstæður allar voru til mestu prýði, þótt víða sæi þess merki að Eistar hefðu ekki úr miklu að móða. Til að mynda voru húsakynninn býsna hrörleg á ytra byrðinu, en innifyrir var ekki yfir neinu að kvarta. Hátíðavanir menn staðhæfðu að skipulag þessarar hátíðar væri með því besta sem þeir hefðu orðið vitni að, enda gekk allt snurðulaust fyrir sig og lítið var um umkvörtunarefni.

Á öðrum degi hátíðarinnar sýndum við sýninguna okkar tvívegis, í fyrri skiptið fyrir sal sem að mestu var setinn Skandinövu, en í seinna skiptið að mestu leyti fyrir Eystrasaltsbúa. Það var athyglisvert hve ólík viðbrögðin voru á sýningunum tveimur: Norðurlandabúarnir hlógu mikið, en Baltarnir létu ekki eins mikið í sér heyra, nema þá helst með klappi á stöku stað og svo dýnjandi lófataki í lok sýningar, sem gaf sterklega til kynna að þeir hefðu ekki haft minni ánægju af sýningunni en hinir.

Auk þess að sýna sjálf fengum við tækifæri til að sjá einar sjö aðrar sýningar, frá Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi, Eistlandi, Lettlandi, Litháen og Belgíu.

Því miður gátum við ekki séð sýningu norska hópsins, þar sem Norðmenn sýndu á sama tíma og við. Einhver sem hana sá lét samt þau orð falla að hún hefði verið „óttalega klén“. Reyndar minnir mig að ýmsir aðrir, bæði Íslendingar og aðrir, hafi haft um þá sýningu orð sem vart eru prenthæf, enda var þetta eina sýningin sem fékk beinlínis skammir á gagnrýnifundinum í lok hátíðarinnar.

Hér er vart rúm fyrir ítarlega gagnrýni á hinar sýningarnar sjö. Þó má að minnsta kosti koma því að þær náðu yfir mestallan skalann: frá hreinum hryllingi

(Belgía) upp í verulega góðar sýningar (t.d. Svíþjóð og Lettland).

Aðeins nokkur orð um sýningarnar:

Fulltrúar heimamanna á hátíðinni voru frá stúdenta-leikhúsi frá Tartu, með leikgerð af sögu Daniil Kharms um Elísabetu Bam. Þrýðilega gert, en ekki mjög eftirminnilegt.

Litháíska framlagið var frá leikhópnum Aglija, sem sumum í íslenska hópnum var að góðu kunnur. Sýningin var byggð á Rauðhettu eftir Mártu Tikkanen, sem aftur er byggð á samnefndu ævintýri. Litháarnir voru ótrúlega agaðir, fimir, sterkir og flinkir á allan hátt, og margt í sýningunni til þess fallið að fá áhorfendur til að gapa og velta fyrir sér hvernig hægt sé að gera þetta, bara svona eðlisfræðilega séð.

Mahnovitsina var mjög kraftmikil sýning frá ungum Fínum úr einhvers konar félagsmiðstöð. Fjallað var á áhrifamikinn hátt um uppgang og fall anarkista-kommúnu í Úkraínu í kjölfar rússnesku byltingarinnar. Sýningin státaði af geysiöflugri hljómsveit sem fann sig hvað best í þjóðlagabungarokki.

Lettarnir sýndu afar skemmtilega Molière-uppfærslu. Sérstaka athygli vöktu kunnuglegar síldartorfur sem svömluðu um sviðið og ótrúleg nýting á sviðinu, sem virtist svo djúpt að það ætlaði engan enda að taka.

Frá Svíþjóð kom uppfærsla á leikriti eftir Allan nokkurn Edwall, sem Íslendingum er líklega kunnastur sem faðir Emils í Kattholti í samnefndum sjónvarpsþáttum. Færri vita líklega að Allan þessi var drykkjumaður mikill og skrifaði um reynslu sína af sukkinu. Þetta var einleikur og -söngur, með tveggja manna undirleik, og hreif alla með í grátbroslegan heim Edwalls.

Danska sýningin hreif hins vegar engan. Í það heila tekið var þarna afar fær leikhópur á ferð, sem flestir vorkenndu að hafa lent í svona vondri og tilgerðarlegri sýningu. Ekki bætti margmiðlunin úr skák.

Belgarnir toppuðu svo allt, eða botnuðu öllu heldur, síðasta daginn. Varla er slakri flæmskukunnáttu einni um það að kenna að salurinn tæmdist næstum því í hléi. Já, það var hlé. Belgar voru greinilega, sem gestir,

á einhverri undanþágu frá venjulegum lengdarmörkum sýninga á hátíðinni, sem var klukkutími.

Það er í einu orði sagt ótrúleg upplifun að fara á hátíð sem þessa. Ekki síst er forvitnilegt að skoða hvað er líkt og hvað ólíkt með því sem við erum að fást við hér uppfrá og því sem „kollegar“ okkar í öðrum löndum hafast að. Svo er þetta náttúrulega geysilega

skemmtilegt. Mér hefur skilist, og vekur það furðu mína, að fá íslensk leikfélög hafi gegnum tíðina sóst eftir að fara á þessar hátíðir. Ég get ekki látið hjá líða að hvetja þá sem eiga það enn eftir að hafa úti allar klær við að reyna að troða sér inn á svona hátíð. Annars fer ég bara aftur.

Sigurður H. Pálsson



Milli sýninga - Úlfjótur (Ármann) og Dýrleif



Kynnir hátíðarinnar, hinn 16 ára gamli Jarmo



Úr sýningu Svía



Úr sýningu Litháa



Ung blómarós með grímu-tattú á handleggnum



Silja og Hulda í sminki



Vilborg, Sigríður Lára og Guðrún Halla



Hildur Þórðardóttir og Hjalti Kristjánsson